



Hvað ræður?

Facebook eða fjöldafundir?

Samstaða eða sundrung?

Hagræðing í þágu hluthafa en á kostnað launafólks?

Áróður eða sannleikur?

Meðal efnis

Tímarit AFLs er helgað breytingum sem framundan eru á vinnumarkaði og samfélagsbreytingum sem þeim kunna að fylgja. Að þessu sinni er tekin fyrir dreifing valds á vinnumarkaði, áhrif meðal annars samfélagsmiðla á valdajafnvægið og mikilvægi samstöðu launafólks. Með því að skyggjast með þessum hætti inn í framtíðina vill félagið styðja Austfirðinga til góðra verka.

Útgefandi: AFL Starfsgreinafélag
Ábyrgðarmaður: Sverrir Mar Albertsson
Ritstjórn og efnisvinnsla: Útgáfufélag Austurlands
Höfundar efnis og mynda: Útgáfufélag Austurlands og AFL Starfsgreinafélag nema annað sé tekið fram.
Upplag: 5.500 eintök
Grafík á bls. 22: Gregor Cresnar
Umbrot: Perla Sígurðardóttir / pes.is
Prentun: Héraðsprent
Dreift í öll hús á félagssvæði AFLs frá Langanesbyggð til Hornafjarðar




Mikilvægi samstöðunnar hvar sem er

- Gerum þetta saman



Hvað er vinnu-samráðsráð?

- Samstarf launþega stórfyrirtækja þvert á landamæri



Samfélags-umræðan

- Fyrirtæki forðast umræðu um óþægileg málefni




Skilvirkari kjaraviðræður

- Of mikið þúður í karp um staðreyndir



Falsfréttir ferðast sex sinnum hraðar en sannar

- Samfélagsmiðlarnir græða á að vekja tilfinningar



„Ég fékk stundum klikkaðar hugmyndir sem ég vildi að rættust“

- Sigríður Dóra Sverrisdóttir, Vopnafirði



Hnattvæðum samstöðuna


- Fyrirtæki starfa ekki innan landamæra en verkalýðsfélög gera það



Hvað segir fólkið?

- Púlsinn tekinn á félagsfólki

Þátttaka í stéttarfélögum eftir löndum



„Þegar launþegar eru einhuga og standa saman er ekkert afl sem stoppar þá.“



Gerum þetta saman

Við getum byrjað á klisjunum. „Sameinaðir stöndum vér, sundraðir föllum vér“ er ein margtuggin. Hún er hins vegar ekki röng. Karl Marx vissi hvað hann skrifaði þegar hann endaði uppreisnarákall sitt á „Öreigar allra landa, sameinist.“ Ekki það að Marx hafi alist upp við fátækt og bágan kost. Faðir hans var lögfræðingur úr efri millistétt og Marx naut þeirra forréttinda að geta menntað sig vel. Hann gerði sér

„Verkalýðshreyfingin er eitt þeirra afla sem stuðla að heilbrigðu lýðræðiskerfi.“

hins vegar grein fyrir kraftinum sem falist gæti í lágstéttunum stæðu þær saman og risu upp gegn kúgurum sínum.

„Vald spillir og algjört vald spillir algjörlega,“ er annar frasi. Það er rétt að of mikið vald er engum til góðs. Vald er hins vegar ekki als læmt. Það er okkur nauðsynlegt.

Í dag er í tísku að valdefla fólk því það veitir því meira sjálfstraust og ánægju.

Til að bregðast við of miklu valdi eru í lýðræðiskerfi innbyggðir öryggisventlar sem veita hverjir öðrum aðhald. Þeir geta bæði verið formlegir, svo sem forseti, Alþingi og dómstólar hérlendis, eða óformlegir eins og fjölmiðlar og félagasamtök.

Verkalýðshreyfingin er eitt þeirra afla sem stuðla að heilbrigðu lýðræðiskerfi. Við Íslendingar stöndum vel, yfir 90% landsmanna tilheyra stéttarfélagi sem gerir hana að einni öflugustu fjöldahreyfingu landsins.

Breiðfylking

Staða Íslands er að mörgu leyti eftirsóknarverð. Tölur OECD sýna að þátttaka í stéttarfélögum er hvergi meiri en hérlendis. Meira að segja í Frakklandi, þar sem einstök verkalýðsfélög sýna reglulega klærnar, slegar aðildin varla í 10%. Á heimsvísu hefur þátttaka í stéttarfélögum minnkað síðustu ár.

Í nágrannalöndum okkar hafa

verkalýðsfélög haft ítök í stjórnmalunum í gegnum ákveðna flokka. Slík gæfa getur verið fallvölt. Í ávísögu sinni segir Tony Blair, fyrrum forsætisráðherra Bretlands, frá því að hann hafi talið nauðsynlegt að skilja flokkinn frá verkalýðsfélagunum því þau voru óbilgjörn og að hans mati ekki lengur í takti við tímann.

Hérlendis voru vissulega sterk tengsl við ákveðna flokka framan af, en á þann naflastreng var skorð í kringum 1940 og síðan hefur fólk með ólíkar lífsskoðanir sameinast undir merkjum verkalýðshreyfingarinnar. Alþýðusambandið hefur farið frá því að vera lítil hugguleg hreyfing fólks sem var sammála yfir í að vera fjöldahreyfing vinnandi fólks sem oftast en ekki hefur haft frumkvæði að því að koma í gegn mikilvægum lífsskjara-bótum. Þegar launþegar eru einhuga og standa saman er ekkert afl sem stoppar þá. Með kjarasamningum og samskiptum við stjórnvöld hefur ýmsum umbótum í velferðarmálum verið komið á, svo sem



Frá baráttufundi Samtaka kvenna á vinnumarkaði árið 1985.

Mynd: Þjóðviljinn/Timarit.is

fæðingarorlofi, sjúkratryggingum, lífeyris-sjóðum, starfsmenntasjóðum og svo mætti lengi telja.

Alþjóðavæðum samstöðuna

Tölur Hagstofunnar sýna að aðild að verkalyðsfélögum á Íslandi hefur vaxið síðustu ár, sem er vel. Það er þó ekki sjálfsagt að hreyfingin haldi áfram sterkri stöðu sinni. Reglulega er reynt að höggva skörð í samstöðuna.

Áhrifamestu gerendurnir í hagkerfi heimsins í dag eru stórfyrirtæki sem hreyfa fjármagn – og eftir hentugleika vinnu-afl – milli landa eftir því sem þeim hentar. Stórfyrirtæki og alþjóðahagkerfið eru rótlaus, þau bera enga ábyrgð gagnvart nærsamfélaginu. Fjármagnið hvorki þekkir né virðir landamæri. Láti launþegar eða stjórnvöld ekki að stjórn er framleiðslan annað hvort færð annað eða leitað leiða til að grafa undan andstöðunni og lítið hugsað um hversu sviðin jörðin er sem skilin er eftir.

Vegna þessa er nauðsynlegt að verkafólk um allan heim standi saman. Fram eftir síðustu öld vann verkalyðshreyfingin vel saman þvert á landamæri. Alþjóðavinnuámalastofnunin, ILO, var til dæmis stofnuð 1918, löngu áður en

„Stórfyrirtæki og alþjóðahagkerfið eru rótlaus, þau bera enga ábyrgð gagnvart nærsamfélaginu.“

Sameinuðu þjóðirnar komu til sögunnar. Á þessum árum var verkalyðshreyfingin mjög alþjóðleg í sinni nálgun á meðan fyrirtækin voru yfirleitt tiltölulega smá, einblíndu á heimamarkaði og kröfðust verndartolla og takmarkana á alþjóðlegri samkeppni.

En smám saman molnaði úr hinni alþjóðlegu samstöðu hreyfingarinnar. Verkalýðshreyfingin fór að horfa inn á við

í þjóðríkið og einblína á minni einingar í stað þess að nýta sér mátt sinn til að móta leikreglur á heimsvísu. Á sama tíma verða til stórfyrirtæki og fjármagnseigendur sem fyllt hafa upp í þetta tómarúm.

Á síðustu árum hefur alþjóðlegt samstarf verkalýðshreyfingarinnar fengið aukið vægi með herferð Alþjóðasamtaka verkafólks „Globalising solidarity“ eða „alþjóðavæðum samstöðuna.“ Markmiðið var að tengja saman baráttu einstakra staðbundinna stéttarféлага við baráttu féлага þeirra í öðrum heimshlutum. Við verðum þannig að láta okkur aðbúnað þeirra sem framleiða Apple símana í Kína varða, eða hagsmuni barnanna sem eru látin þræla við að safna líþíum í batteríin í rafmagnsbílana, því annars verður spilað á okkur öll og okkur att saman hverju gegn öðru. Ef stórfyrirtæki alþjóðavæða fjármagnið verður vinnuaflið að alþjóðavæða samstöðuna. Samhliða þessu fór Alþjóðleg verkalýðshreyfing að krefjast þess að fá pláss við bordið á vettvangi



Frá 1. maí hátíðahöldum á vegum AFLs.

Alþjóða gjaldeyrissjóðsins, G6 og G20 með því aldagamla slagorði „ekkert um okkur án okkar.“ Þannig hefur tekist að þrýsta á um umbætur á alþjóðavettvangi til að bregðast við skattaundanskotum og tryggja forgangsriðun félagslegs stöðugleika samhliða þeim efnahagslega.

Að hafa frumkvæðið

Það er sagt að völd séu 80% tekin, 20% fengin. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa frumkvæði að samtalinu og lausninni. En til að hafa áhrif þarf einnig að axla ábyrgð. Breytingar geta kannski byrjað við eldhúsbordin en þær ná ekki langt nema farið sé út fyrir hússins dyr. „Sveltur sitjandi kráka en fljúgandi fær“ og lausnirnar verða á forsendum þeirra sem eru gerendur.

Ef litid er á baráttu Alþýðusambands Íslands undanfarin 100 ár hefur hún að mörgu leyti markast af því að sambandið hefur haft tiltölulega sterkt umboð til að hafa frumkvæði að lausnum í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum og í seinni tíð einnig umhverfismálum. Þannig hefur það sannarlega axlað mikla ábyrgð á sínum verkum. Slíkt frumkvæði er ekki alltaf til vinsælda fallið og eins og aðrar stofnanir

„Við verðum þannig að láta okkur aðbúnað þeirra sem framleiða Apple símana í Kína varða, eða hagsmuni barnanna sem eru látin þræla við að safna líþíum í batteríin í rafmagnsbílana, því annars verður spilað á okkur öll og okkur att saman hverju gegn öðru.“

samfélagsins missti verkalyðshreyfingin traust í bankahruninu, en samt missti hún ekki þolmóðinn og óð elginn til að stuðla að endurreisn landsins og fékk til þess sterkt umboð félagsmanna.

Nú gengur yfir okkur önnur kreppa, ólík þeirri síðustu. Það má aldrei verða launþega að taka allan skellinn en við slíkar kringumstæður eru oft betri tækifæri en áður til að koma sínum hugmyndum í verk. Til þess þarf athafnir, ekki bara orð. Ályktanir einar breyta engu.

Því miður hefur borið á því síðustu misseri að rödd stéttarfélaga hefur verið hornreka í samræðum um aðgerðir til að leysa efnahagsvanda þjóðarinnar. Ríkisstjórnin hefur skipað starfshópa um efnahagsmál en sniðgengið fjöldahreyfingu launþega.

Gerum þetta saman

Það er kannski í grunninn ekki óeðlilegt. Fáir vilja í eðli sínu deila völdum og kannski allra síst stjórnmalafólk, hvar í flokki sem það stendur. Af því völd eru eftirsóknarverð er eðlilegt að þeim fylgi togstreita. Það er líka svo að í lýðræðiskerfum rekast á hagsmunir og þess vegna er mikilvægt að samráð sé virt og að það sé gagnvirk.

Að skilja eftir samtök launþega getur vart talist skynsöm nálgun. Vinnumarkaðsrannsókn Hooghe og Oser frá 2016 sýnir að stéttarfélög eru öflug í að sameina fólk um stefnu í efnahagsmálum. Sama rannsókn sýnir að meira fé er varið til velferðarmála þar sem stéttarfélagasáðild er mikil. Rannsóknir OECD eru á svipuðum slóðum, sterk stéttarfélög skila betri almennum lífsgæðum.

En til þess að stéttarfélagin fái sæti við borðið þar sem ákvarðanir eru teknar þurfa þau að vera trúverðugur fulltrúi félagsmanna sinna og þokkaleg eining meðal þeirra um helstu áherslumálin. Ekki er nóg að framvísa bara tölum um fjölda félaga, heldur er mikilvægt að virkt samtal sé milli forystunnar með þátttöku í fundum, kosningum og öðru félagsstarfi þar sem hugmyndir og áherslur mótast. Þannig gerum við hlutina saman og komumst út úr kreppunni – eða eins og aðgerðastjórn almannavarnarnefndar Austurlands myndi orða það: Gerum þetta saman.

„Það má aldrei verða launþega að taka allan skellinn.“

Að vera í sambandi

Fæddist hugmyndin að félagslegu húsnæðiskerfi á stjórnarfundum Verkalýðsfélagsins Fram á Seyðisfirði árið 1906? Við munum í raun aldrei vita það fyrir vist, en við vitum að stjórn Verkalýðsfélagsins Fram fjallaði um húsnæðismál á fundi það ár og velflest verkalýðsfélög landsins fjölluðu um húsnæðismál, tryggingamál, menntamál og önnur brýn hagsmunamál alþýðufólks, á fundum sínum.

Frá félagsfundum í sjómannaeyld AFLs.



Hvort umræðan á fundum Fram 1906 varð síðan upphaf stefnumótunar í húsnæðismálum Alþýðusambandsins mörgum árum síðar skiptir kannski ekki máli – en alþýðufólk um land allt ræddi þessi hagsmunamál og eftir samráð og samtöl mótaði Alþýðusambandið sameiginlega stefnu félagsmanna og aðildarfélaga.

Leiðin frá því að eitthvert eitt verkalýðsfélag fjallar um þjóðþrifamál og þar til það verður að stefnumáli verkalýðshreyfingarinnar getur verið löng og jafnvel torsótt. En til að unnt sé að beita ofurþunga Alþýðusambandsfélaga til að knýja fram mál þarf að ríkja nokkur samstaða um málið meðal félagsmanna aðildarfélaga. Það getur tekið tíma að ná þeirri samstöðu og finna þá málamiðlun sem flestir geta stutt.

Hvernig fæst jarðsambandið?

Því er ekki ólíkt farið með formenn stéttarfélaganna í dag. Formenn koma fram fyrir hönd félaganna og kynna afstöðu félagsins til ýmissa mála, oft mála sem ekki hefur verið formlega fjallað um og ályktað um í nafni félagsins. Formenn tala þá í svokölluðu „stöðuumboði“ eða í krafti þess að þeir eru kjörnir formenn og njóta trausts félagsmanna. Þeir telja sig geta talað fyrir hönd þeirra og byggja það á reynslu sinni og innsæi.

En til að formaður verkalýðsfélags geti talað með nokkurri sannfæringu um vilja félagsins þarf viðkomandi að vera í góðu sambandi við hinn almenna félagsmann. Það er jarðsambandið sem gerir formanni kleyft að túlka og setja fram „vilja félagsmanna“. Þetta jarðsamband fer bæði fram á skipulegum og formlegum

vettvangi – svo sem aðalfundi, félagsfundum og stjórnarfundum – en ekki síður í samtölum og samskiptum formanns og þeirra sem formanni standa næst, svo sem samstarfsfólks og stjórnarmanna, við félagsmenn.

Þessi samskipti eru undirstaða skoðanamyndunar verkalýðsfélags – það er að einhver eða einhverjir eigi samtöl við marga og reyni að ná yfirsýn yfir mál, samræma skoðanir, búa til málamiðlanir og geta loks komið fram með „stefnu“ og það með trúverðugleika.

Samskipti á hverjum degi

Formaður verkalýðsfélags á borð við AFL á í samskiptum við marga félagsmenn á hverjum degi. Það geta verið félagsmenn sem leita til skrifstofunnar til að fá venjulega þjónustu þar og lenda á formanninum. Formaður á einnig samtöl við félagsmenn í tengslum við kjaramál – til dæmis leiða formenn félaga venjulega sín félög í kjarasamningum og eiga þá í samskiptum við samninganefndir félagsins. Þá stunda formenn vinnustaðaheimsóknir og hitta þar að máli félagsmenn. Það eru þessi samtöl, ótal mörg, formleg og óformleg sem aðstoða formann við að móta stefnu félagsins. En það sem getur valdið félagsmönnum furðu – er að þegar formaðurinn skýrir stefnu félagsins er hún ekki endilega nákvæmlega það sem hver félagsmaður vill heyra – því stefnan sem félagið mótir byggir á afstöðu margra með ólíka nálgun á viðfangsefnið. Formaður getur því verið í þeirri vandasömu stöðu að byggja upp samstöðu í fjölmönnum hóp og það um stefnu sem margir í hópnum eru ekki algerlega sammála – sumir vilja ganga lengra og aðrir skemur.

Ekki er alltaf svo að stjórnendur fyrirtækja séu tilbúnir að ræða við Íslenska ríkisfjölmíðilinn.

Mynd: RÚV/Kveikur



Jón Ólafsson

Fyrirtæki forðast umræðu sem ekki er þeim í hag

Fyrirtæki taka sjaldnast þátt í opinberri umræðu nema þegar hagsmunir þeirra eru undir. Prófessor í menningarfræðum við Háskóla Íslands segir óskandi að þau tækju oftast þátt í hreinskiptum umræðum um starfshætti sína og á sínu sviði. Stjórnvöld þurfi að stíga inn í þegar fyrirtæki ætli að þegja óþægileg mál af sér.

„Við göngum út frá því í lýðræðissamfélagi að til staðar sé vettvangur þar sem fólk getur skipst á skoðunum án þess að það mótist af sérstökum hagsmunum. Síðan má alltaf frá heimspekilegum forsendum deila um hversu óháð eða hlutlaus umræða getur orðið því einstaklingarnir koma alltaf með mismunandi ástæður fyrir skoðunum sínum. Hinn fullkomni vettvangur er því ekki til en mikilvægt er að samræður geti farið fram á opnum vettvangi þar

sem hvatning og stuðningur er við að einstaklingar tjái og rökstyðji skoðanir sínar án þess að gerast sérstakar málpípur ákveðinna viðhorfa eða hagsmuna. Auðvitað er mikilvægt að passa upp á að fylgt sé samskiptareglum og til dæmis hatursáróðri úthýst, en slíkt skerðir að sjálfsögðu ekki gildi opins umræðuvettvangs eins og hagsmunapot eða yfirtaka getur gert,“ segir Jón Ólafsson, doktor í heimspeki og prófessor í menningarfræði við Háskóla Íslands.

Hver er Jón Ólafsson?

Jón Ólafsson er prófessor við Háskóla Íslands og starfar annars vegar innan Mála- og menningardeildar og hins vegar við Íslensku- og menningardeild þar sem hann er greinarformaður í menningarfræði. Hann er doktor í heimspeki frá Columbia háskóla í Bandaríkjunum. Hann nam um tíma við Háskólann í Moskvu og var meðfram því fréttaritari RÚV á þeim tíma sem Sovétríkin liðuðust í sundur.

Gengur ekki að útbúa hagsmunagæslu sem rökræðu

Við leituum til hans með spurningar um hvernig stórfyrirtæki hafi áhrif á opinbera umræðu og um leið almenningsálitið. Ekki þarf að leita langt eftir slíkum dæmum.

„Fyrirtæki í okkar kapítalíska heimi reyna að hafa áhrif á opinbera umræðu. Þannig er það bara. Á sama tíma vilja þau oft ekki taka þátt í opinberri umræðu.

Tökum Samherja sem dæmi. Fyrirtækið hefur verið borið þungum sökum og

„Fyrirtæki í okkar kapítalíska heimi reyna að hafa áhrif á opinbera umræðu. Þannig er það bara.“

forsvarsmenn þess telja ímynd þess hafa beðið hnekki vegna óréttláts málflutnings. Það breytir því ekki að þegar sterkasta og ríkasta sjávarútvegsfyrirtæki landsins býr

til myndbönd sem líta út eins og almennur rökræddur fréttalutningur um eigin mál er það ekkert annað en tilraun til að hafa áhrif og grafa undan lögmætri umræðu og vel rökstuddri gagnrýni – drepa málum á dreif.

Það er ekki sama hvernig stórt og auðugt fyrirtæki ver sig fyrir gagnrýni og ásökunum af því tagi sem beinst hefur að Samherja. Fyrirtæki eru þar ekki í sömu aðstöðu og einstaklingar. Fyrirtæki sem stendur frammi fyrir vægðarlausri umræðu og gagnrýni, sem virðist réttmæt, jafnvel dómsmálum, ætti ekki að nota fjármuni sína til að reyna að yfirtaka umræðuna. Vissulega er eðlilegt að fyrirtæki komi sínum málstað á framfæri, en það ætti að gera það til dæmis með því að veita fjölmiðlum aðgang að sér eða sínu forystufólki sem þá þarf að svara spurningum fjölmiðlafólks á sama vettvangi og aðrir. Samherji hefur valið að gera sína eigin áróðursþætti og það vekur furðu lítil viðbrögð stjórnvalda.“

Ekki fara öll fyrirtæki fram með jafn augljósum hætti og Samherji. „Fólk sér þegar

þetta er gert með svona óskammfeilnum hætti en við erum oft ekki nógu vel á varðbergi. Við erum of berskjölduð gagnvart almannatengslum sem fara út fyrir þann þrönga ramma að passa upp á sjónarmið og

„Þegar sterkasta og ríkasta sjávarútvegsfyrirtæki landsins býr til myndbönd sem líta út eins og almennur rökræddur fréttalutningur um eigin mál er það ekkert annað en tilraun til að hafa áhrif og grafa undan lögmætri umræðu og vel rökstuddri gagnrýni.“

ímynd fyrirtækja yfir í að grafa undan því sem telst þeim í óhag. Hið opna lýðræðislega samfélag eða markaðstorg skoðananna,



Illu gekk að fá stjórnendur til að taka þátt í málþingi með Drago Kos um mútur.
Mynd: Innanríkisráðuneytið

verður að geta varið sig fyrir yfirtöku fyrirtækjanna. Annars er lýðræðið sjálft í hættu.“

Togstreita ríkisvalds og fyrirtækja

Jón segir fólk í viðskiptaheiminum stundum halda því fram að atvinnulífið hafi ekkert með stjórnmal að gera og eigi að fá að vera í friði fyrir þeim. „En þetta stenst ekki vel skoðun. Það er ekki auðvelt að gera greinarmun á pólitík og ekki pólitík. Viðskiptaheimurinn lifir oft í þeirri sjálfsblekkingu að viðskipti séu viðskipti og stjórnmal stjórnmal. En fyrir fyrirtæki, einkum af ákveðinni stærð, ganga stjórnmalin út á að ákveða hvernig umhverfi fyrirtækjanna á að vera. Ef stjórnvöld verða háð þeim verða pólitísk áhrif þeirra of mikil, eins og við sáum hér með bankana fyrir hrun.“

Jón bendir á bankahrúnið og afleiðingar þess þegar hann er spurður hvort fyrirtækin séu að ná sér í meiri völd á kostnað þjóðríkisins og almennings. „Þetta hefur farið upp og niður. Það koma augnablik eins og þegar „.com-bólan“ sprakk í kringum 2000,

síðan bankahrúnið og að einhverju leyti Covid-kreppan þar sem ýmis ólýðræðisleg áhrif stórfyrirtækja opinberast.

Ríkisvaldið má ekki vera of sveigjanlegt gagnvart fyrirtækjunum – eða leyfa þeim að ná á sér tangarhaldi, eins og gerðist hér fram til 2008. Íslenska ríkisstjórnin brást gjörsamlega í aðdraganda hrunsins. Hún var á valdi bankanna sem tókst að telja leiðtogum hennar trú um að þeir ættu ekki

„Viðskiptaheimurinn lifir oft í þeirri sjálfsblekkingu að viðskipti séu viðskipti og stjórnmal stjórnmal.“

aðra kosti en láta eins og bankarnir væru vel staddir á þeim einföldu forsendum að um leið og eitthvað væri látið uppi um þær ógnanir sem framundan voru græfi það undan stöðunni. Dómur Landsdóms yfir Geir Haarde endurspeglar þá skýru niðurstöðu að ríkisstjórnin tók ekki á málunum, var ófær um að móta stefnu sem gæti búið landið undir það sem framundan var.“

Vilja ekki tengjast óþægilegum umræðuefnum

Jón segir að fyrirtæki forðist oft opinbera umræðu nema þau séu sannfærð um að hún sé þeim í hag. „Það er mjög sjaldgæft að fyrirtæki sýni opinberri umræðu

„Ríkisvaldið má ekki vera of sveigjanlegt gagnvart fyrirtækjunum – eða leyfa þeim að ná á sér tangarhaldi.“

raunverulegan áhuga. Algengast er að þau horfi á hvernig þau geti annað hvort nýtt sér umræðuna eða grafið undan henni ef hún er þeim í óhag,“ segir Jón sem um tíma sat í stjórn Gagnsæis – samtaka gegn spillingu.

„Mér er minnstætt málþing sem Gagnsæi hélt fyrir fimm árum með Drago Kos yfirmanni mútu- og spillingardeildar OECD. Umræðuefnið var erlendar mútugreiðslur. Við fengum nokkra reynslumikla einstaklinga til að taka þátt, en það var ljóst að fyrirtækjum þótti óþægilegt að láta bendla sig við umræðuna. Með þátttöku í umræðum um mútugreiðslur óttast menn að þeir verði bendlaðir við mútur. Þú vilt ekki að „mútur“ sé það fyrsta sem kemur ef þú leitar að fyrirtækinu á netinu. Þetta er mikil synd því í viðskiptalífinu er gríðarleg þekking og reynsla sem gæti komið samfélaginu að miklu gagni ef fólk væri óhræddara við að deila henni og tala opinskátt. Þeir sem komu á málþingið höfðu frá ýmsu að segja,

„Algengast er að fyrirtæki horfi á hvernig þau geti annað hvort nýtt sér umræðuna eða grafið undan henni ef hún er þeim í óhag.“

en sumir viðurkenndu að þeir héldu aftur af sér.

Á síðustu árum hafa fyrirtæki þó í auknum mæli gefið sig út fyrir að koma á sjálfbærnivíðmiðum í allri starfsemi sinni, leggja af mörkum til samfélagsins í umhverfismálum, leitast við að minnka kolefnisfótspor og svo má áfram telja. Með þessu móti reyna fyrirtækin að bregða jákvæðu ljósi á gagnrýna umræðu: tengja sig við uppbyggileg viðhorf frekar en að taka þátt í gagnrýninni – og þar með oft neikvæðri – umræðu.

Þetta er auðvitað gott og blessað svo langt sem það nær, en því miður bendir flest til að þessi viðleitni sé iðulega mælskulistin ein, eins og sást þegar fréttaskýringaþátturinn Kveikur afhjúpaði nýlega hvernig Eimskip stendur að úreldingu og förgun skipa sinna. Því miður hafa fyrirtækin tilhneingingu til að slá sér upp á léttvægum málefnum, en þegar um stærri mál er að ræða vikur samfélags-ábyrgðin fyrir hreinum skammtímasjónarmiðum um sparnað og hagnað. Þess vegna er erfitt að treysta fyrirtækjum sem viðhafa mikinn fagurgala um samfélagsábyrgð og sjálfbærni í markaðssetningu sinni.“

„Því miður hafa fyrirtækin tilhneingingu til að slá sér upp á léttvægum málefnum, en þegar um stærri mál er að ræða vikur samfélagsábyrgðin fyrir hreinum skammtímasjónarmiðum um sparnað og hagnað.“

Kjörin stjórnvöld verða að ráða ferðinni

Jón telur að stjórnvöld geti haft meiri áhrif á að heiðarleg umræða um spillingu fari fram í samfélaginu. „Ef grasrótarsamtök hafa samband við fyrirtæki er fyrsta hugsunin yfirleitt hvernig hægt er að losna frá gagnrýninni umræðu sem þýðir að oftast er ekki áhugi á þátttöku, til dæmis í verkefnum eða málþingum. Sums staðar annars staðar, til dæmis á Norðurlöndunum, skikka stjórnvöld fyrirtækin til þátttöku. Þar er líka algengara en hér er að fyrirtæki styðji sjálfstæð samtök sem halda úti gagnrýninni umræðu.“

Jón ber saman Ísland og Svíþjóð. Hérlendis forðist stjórnendur fyrirtækja iðulega að svara RÚV, svo dæmi sé tekið, en í Svíþjóð telji leiðtogar fyrirtækja ekki að þeir geti einfaldlega leitt hjá sér umfjöllun fjölmiðla og bara neitað að svara spurningum eða koma í viðtöl. „Í Svíþjóð geturðu ekkert vikið þér undan því að tala við fréttamann SVT bara af því að þér líka ekki spurningarnar. Að vissu leyti dáist maður að fólki í erfiðri stöðu sem þó sér það sem skyldu sína að svara fréttamanni.“

Þess vegna skiptir svo miklu að það séu lýðræðislega kjörin stjórnvöld sem raunverulega ráði. „Stórfyrirtæki eru í eðli

„Í Svíþjóð geturðu ekkert vikið þér undan því að tala við fréttamann SVT bara af því að þér líka ekki spurningarnar.“

sínu ólýðræðislegar stofnanir, í raun lítil einræðisríki þar sem eignarhaldið ákvarðar ákvörðunarvaldið. Þess vegna er einmitt svo mikilvægt að stjórnvöld stýri umhverfi fyrirtækjanna, með hagsmuni almennings í huga, frekar en hagsmuni þeirra einna.“

Þjóðin – það er ég!

Jón hefur áður skrifað um tungutak stjórnmalanna og gagnrýnt áherslu á tæknilegar útfærslur frekar en hugmyndafræði. En hann telur nýjar átakalínur, sem popúlískar hreyfingar hafi kannski haft mest áhrif á, breyta þessu. Nú sé horft miklu meira á stóru línurnar og ýmis grundvallaratriði samfélagsins en var fyrir nokkrum árum.

„Hreyfingar aðgerðasinna eru orðnar sterkari en í byrjun aldarinnar. Þetta eru samtök sem berjast fyrir ákveðnum málefnum eða áhugamálum með beinum aðgerðum – oft mest á vettvangi samfélagsmiðla, stundum með borgarastarfsemi. Þau hafa hvorki beina pólitíska tengingu né hengja sig á hugmyndafræði. Einblínt er á eitt málefni sem talið er skipta höfuðmáli fyrir þjóðina. Dæmi um

„Það berjast allir um að fá stuðning hins þögla meirihluta.“

þetta eru nú síðast baráttufólk fyrir nýrri stjórnarskrá. Í fyrra sáum við mjög áhrifaríkan baráttuhóp sem beitti sér gegn þriðja orku-pakkanum svokallaða. Það myndast augljós togstreita milli þessara afla og hinnar skipulögðu pólitísku starfsemi sem skilar fólki inn á þing og í sveitarstjórnir, en virðist hafa misst aðdráttaraflíð.“

Jón segir að í þessari baráttu takist á stjórnmalin, sem vísi í stjórnskipan, hefðir og lög og hins vegar aðgerðahóparnir sem reyni að skilgreina sig sem fulltrúa þjóðarinnar. „Það berjast allir um að fá stuðning hins þögla meirihluta, láta hann greiða einhverju atkvæði sitt eða skrifa undir kröfu um eitthvað. En eftir sem áður erum við að tala um málefnaþáttu sem drifin er áfram af litlum hópum fólks. Aktívisminn felur kannski ekki í sér jafnmikil frávik frá hefðbundnum kosninga- og samkeppnistjórnmalum og aðgerðasinnar vilja vera láta. Eftir sem áður er langstærstur hluti almennings í raun þögull. Fólk fær að velja um að leggja einhverjum málstað lið eða standa utan við. Þess vegna er spurningin eftir sem



Jón nefnir þann hóp sem berst fyrir nýrri stjórnarskrá sem dæmi um hreyfingu sem orðið hafi til um ákveðið baráttumál án beinnar tengingar við hugmyndafræði.

Mynd: Stjórnarskrárfélagið

áður hvernig hægt er að virkja þann hóp? Hvernig færir maður almannavettvanginn raunverulega til almennings.“

Hvernig heyrst í þeim þöglu?

Jón varar við afleiðingum þess að meirihlutinn sé þöglull. „Þátttökuskorturinn er eitt af því sem fólk hefur áhyggjur af varðandi uppgang lýðskrumara. eru tugir þúsunda undirskrifta eða „like-a“ á Facebook til marks um raunverulega þátttöku?“

Hann bendir á að í íslenskum sveitarstjórnarlögum séu ýmsar heimildir, sem lítt hafi verið nýttar, til að auka þátttöku borgaranna í ákvarðanatöku. Þá hafi verið reynt að þróa leiðir, svo sem umræðuvettvanginn „Betra Ísland“ sem nokkur sveitarfélög hafi nýtt sér. Fljótaldalshérað er eina austfirska sveitarfélagið sem notar hann. Skjót úttekt á honum sýnir mismikla virkni og oft tengda málefnum sem ekki varða grundvallarágreiðing. „En fólk laðast gjarnan frekar að átökunum, fjörið er meira þar,“ segir Jón.

Viðhorfið breytist við að hlusta á annað fólk

Jón hefur í gegnum rannsóknaverkefnið Lýðræðisleg stjórnarskrárgerð, sem hann stýrir, og í samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, veitt forsætisráðherra ráðgjöf um samráð við almenning í umræðum um stjórnarskrármál. Þar hefur verið notast við aðferð sem kallast rökræðukönnun. Hún tengir saman hefðbundna viðhorfskönnun og rökræður þar sem slembivalinn

hópur fólks tekst á við spurningar sem varða stefnu og ákvarðanir stjórnvalda. „Það er áhugavert að sjá áhrif rökræðunnar á viðhorf þátttakenda,“ segir Jón. „Þegar venjulegt fólk sem ekki hefur myndað sér sterkar skoðanir á málefnum fær tækifæri til að ræða við annað fólk sér maður oft umtalsverðar viðhorfsbreytingar. Rökræðukönnun er leið til að skoða hvernig viðhorf almennings myndu breytast ef allir fengu tækifæri til að vera með í umræðunum.“

Í rökræðukönnun geta skapast flottar umræður sem sýna líka vel hvernig almenningur talar öðruvísi en stjórnmalafólkið. Það er líka áhugavert að sjá hvernig fólk bregst við að þurfa að setja sig inn í mál, hafa skoðun og hlusta svo á aðra. Stundum áttar fólk á að því finnst ekki það sem það hélt fyrst og er þá mun reiðubúnara til að endurskoða viðhorf sín en hinir sem þegar eru búnir að tengja sig sterkt við tiltekinn málstað og hafa tilhneigingu til að verja hann hvað sem tautar og raular.

Þegar stjórnmalamenn og aktívistar tala saman getur skapast áhugi á málamiðlunum – sé tilgangur umræðnanna að komast að sameiginlegri niðurstöðu um eitthvað. En almenningur hefur engan áhuga á málamiðlunum. Þess í stað sýna umræður almennings viðleitni til að skilja og taka mið af fórnarkostnaði. Fólk mótur eða mildar afstöðu sína þegar það áttar sig betur á því hvað henni fylgir. Þess vegna er svo mikið á því að græða að gefa umræðum almennings meira pláss í stefnumótun heldur en raunin hefur verið hingað til.“

Mótæfendur á Tahir-torgi í Kaíró, höfuðborg Egyptalands, í janúar 2011.

Mynd: Sherif 9282 í gegnum Wikimedia Commons.



Jón Gunnar Ólafsson

Samfélagsmiðlarnir græða ekki alltaf á að miðla sannleikanum

Samfélagsmiðlar hafa haft mikil áhrif á lýðræðisumræðu undanfarin ár. Uppgangur þeirra hefur verið hraður og stöðugt koma upp ný álitamál sem varða vald þeirra á umræðunni. Miðlarnir eru líka oft milli tveggja elda þar sem þeir eru ýmist skammaðir fyrir að dreifa hatri eða stunda ritskoðun.

„Hefðbundnir fjölmiðlar eru ritstýrðir og þar eru blaða- og fréttamenn sem vinna úr gögnum og koma þeim á framfæri við almenning í gegnum fréttir. Oft eru þetta miðlar sem starfa innan ríkja og hérlendis er langmesta áhorf og lestur á innlenda miðla. Samfélagsmiðlarnir voru upphaflega hannaðir til að tengja saman vini og kunningja en smám saman hefur fólk farið að gera meira

inni á þeim. Þeir tengja okkur saman þvert á landamæri en þeir miðla líka upplýsingum og í gegnum þá fáum við fréttir og upplýsingar alls staðar að úr heiminum.

Við þetta verða breytingar og það koma upp álitamál. Hinir hefðbundnu hliðverðir, það er blaða- og fréttamenn, eru ekki til staðar þarna og margir vilja meina að skilin milli þess hvað séu

fréttir og hvað séu álitspistlar hafi rofnað að einhverju leyti.

Þetta tengist inn í umræðuna um falsfréttir. Freistingin getur verið að setja fram fréttir sem vekja tilfinningaviðbrögð því þannig er líklegra að við deilum efninu. Í rannsókn sem MIT háskólinn gerði á Twitter kom í ljós að falsfréttir ferðudust allt að sex sinnum hraðar áfram en venjulegar fréttir.“

Þetta segir Jón Gunnar Ólafsson, nýdoktor við Háskóla Íslands, sem rannsakað hefur áhrif samfélagsmiðla á opinbera umræðu. Hann segir einnig að setja megi spurningamerki við fyrirtækin að baki samfélagsmiðlunum.

„Í rannsókn sem MIT háskólinn gerði á Twitter kom í ljós að falsfréttir ferðudust allt að sex sinnum hraðar áfram en venjulegar fréttir.“

„Það sem þú sérð hverju sinni byggir á reikniritum sem velta á því sem þú hefur áhuga á. Það veit enginn hvernig þau virka nákvæmlega nema forritarnir og einhverjir aðilar sem vinna hjá þessum samfélagsmiðlafyrirtækjum.

Spurningin er hvað þau vilja? Fyrst og fremst eru þetta einkafyrirtæki sem hafa það markmið að græða peninga og það gera þau með að halda í okkur sem lengst og láta okkur vera sem virkust inni á miðlunum. Þannig er hægt að sýna okkur fleiri auglýsingar og græða meiri peninga. Fyrirtækin græða ekki endilega á því að gera okkur upplýstari eða miðla einhverju sem er satt og rétt. Klemman er líka hvernig nærðu í gegn með þínar upplýsingar. Við því er ekkert augljóst svar annað en að tæknifyrirtækin eru tilbúin til að auðvelda þér það ef þú borgar fyrir það.“

„Fyrirtækin græða ekki endilega á því að gera okkur upplýstari eða miðla einhverju sem er satt og rétt.“

Hver á að setja reglurnar?

Að mati Jón Gunnars eru álitamálin bæði mörg og stór. „Til dæmis ef þú vilt ná til fólks þarna inni, í hvers konar umhverfi ertu að vinna? Er þetta besti vettvangurinn til að ná til fólks?“ heldur hann áfram áður en hann bendir á að ekki sé sanngjarnt að einblína um of á neikvæðu hliðarnar. „Samfélagsmiðlarnir gera líka margt gott. Til dæmis í þessum Covid-faraldri þurfa margir að vera heima hjá sér og þá bæði tengja þeir okkur saman og hjálpa okkur við að leita eftir upplýsingum.“

Ekki er nýtt í mannkynssögunni að röngum upplýsingum og áróðri sé dreift kerfisbundið, því miður oft með ömurlegum afleiðingum. Vandamálið er að tæknin auðveldar það. „Það er ekki nýtt að fólk fari með rangt mál í opinberri umræðu og það verður alltaf hluti af lýðræðis-samfélaginu, en með tæknivæðingu og samfélagsmiðlum opnast möguleikar á að dreifa misvísandi upplýsingum á annan hátt en áður.“

Munurinn á samfélagsmiðlum og hefðbundnum fjölmiðlum er meðal annars ábyrgðin. Hérlendis þurfa hefðbundnir fjölmiðlar að gera grein fyrir sér gagnvart Fjölmiðlanefnd, auk þess sem blaðamenn eigi að lúta siðareglum Blaðamannafélags Íslands. Samkvæmt fjölmiðlalögum ber einstaklingur ábyrgð á efni sem hann ritar í eigin nafni, auglýsendur á sínu efni en ritstjóri í öðrum tilfellum. Fjölmiðill ber ábyrgð á að greiða sektir eða skaðabætur sem starfsmanni hans er gert að greiða. Erfiðara er að sækja þessa ábyrgð gagnvart Facebook, þótt dæmin sýni að lagaákvæði sem takmarka tjáningarfrelsi sé hægt að

nota til að hegna þeim sem stundi netnið.

Samfélagsmiðlafyrirtækin hafa reynt að bregðast við gagnrýni með að hindra að fólk villi á sér heimildir eða með því að eyða efni sem ekki stenst nokkra skoðun eða flokkast undir hatur. „Sumir stjórn-málamenn og flokkar hafa fengið einkenni um að þeir séu sannreyndir (e. verified) og í gegnum Covid hefur verið reynt að vísa á traustar upplýsingar. En til dæmis varðandi Facebook, þá er það fyrirtækið sjálft sem ákveður rammann. Þá komum við að flóknum grundvallarspurningunum eins og hver hafi gefið samfélagsmiðlafyrirtækjunum leyfi til að ráða sér sjálf að þessu leyti? Og ef við treystum þeim ekki, hver á þá að setja reglurnar?“

Í þessu samhengi hefur verið rætt um að efla gagnrýna hugsun. „Sumir vilja meina að við þurfum að efla fræðslu í miðlalæsi. Hérlendis hefur henni aðallega verið beint að yngra fólki þótt rannsóknir sýni að það sé líka eldra fólkið sem fræða þurfi betur. Þetta verður hins vegar sífellt erfiðara. Með djúpfölsunartækni er ekki alltaf hægt að greina á milli hvort sá sem talar á myndbandinu er ekta eða falsaður og svo poppa upp síður sem herma eftir hefðbundnum miðlum og fleira í þessum dúr,“ segir Jón Gunnar.

Meiri gagnrýni

Viðhorfið gagnvart samfélagsmiðlunum hefur breyst hratt. Fyrst var þeim fagnað fyrir að tengja saman kunningja og vini þvert á landamæri, svo fyrir að vera opin umræðuvettvangur, næst fyrir að vera vopn í baráttunni við einræðisstjórnir. En síðustu misseri hefur sigið á ógæfuhliðina.

„Við munum eftir arabíska vorinu þar sem mótmælendur notuðu miðlana til að skipuleggja sig. Þá fór í gang umræða um að miðlarnir væru lýðræðislegt tæki. Það ríkti líka trú á tæknina sem bryti niður múra milli almennings og stjórnmalamanna þannig að hver sem er gæti átt samræður við stjórn-málafólk.“

Hver er Jón Gunnar Ólafsson?

Jón Gunnar Ólafsson er nýdoktor við Háskóla Íslands. Hann lauk doktorsprófi í fjölmiðlafræði frá Goldsmiths, University of London árið 2019 og starfaði hann einnig sem aðjúnkt við skólann. Rannsóknir Jóns Gunnars einblína á hvernig fjölmiðlar fjalla um stjórnmál og hvernig tilkoma samfélagsmiðla hefur haft áhrif á stjórnmálin sjálf og umgjöllum um þau. Hann hefur hlotið fjölda styrkja og var doktorsrannsókn hans fjármögnuð af Economic and Social Research Council í Bretlandi.



„Með tæknivæðingu og samfélagsmiðlum opnast möguleikar á að dreifa misvísandi upplýsingum á annan hátt en áður.“

Rannsóknir sýna hins vegar að samskipti stjórnmálafólks og almennings eru að fara í sama farveg á samfélagsmiðlunum og hefðbundnum miðlum. Stjórnmálafólkið notar miðlana til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri, til dæmis með að kaupa dreifingu, en þetta leiðir ekki endilega til rökræðu milli fólksins og valdhafa. Tæknin hefur ekki breytt miklu varðandi samskipti milli valdahópa og almennings en mögulega stuðlað að meiri hópamyndun meðal almennings.“

Ekki vettvangur rökræðunnar

Samfélagsmiðlarnir hafa löngum verið gagnrýndir fyrir að ýta undir bil milli andstæðra póla í umræðunni, meðal annars með því að sýna fólki aðeins það sem það vill sjá. Þá hefur verið talað um „bergmálshella“ þegar fólk umkringir sig aðeins vinum með áþekkar skoðanir.


„Við erum líklegust til að bregðast við og deila þegar eitthvað kemur fram sem vekur með okkur tilfinningaviðbrögð, einhver segir eitthvað sem við erum innilega sammála eða reitir okkur til reiði. Reikniritið lærir af þessu og smám saman förum við að sjá meira af þeim sem hugsa eins og við, frekar en að til verði rökræða milli ólíkra hópa. Ágætur vinur minn sem starfar í pólitík í Englandi segir að

samfélagsmiðlarnir séu frábært tæki til að rífa upp stemmingu meðal ákveðinna hópa frekar en stuðla að rökræðu milli fólks með ólíkar skoðanir.“

En jafnvel þótt stemmingin aukist í ákveðnum hópum með hvatningu á samfélagsmiðlum er ekki þar með sagt að hún leiði til aðgerða eða breytinga. „Like“-ið jafngildir ekki mætingu á fund eða greiddu atkvæði. „Það er oft talað um sófaaðgerðasinna. Það eru þeir sem smella á „like“ til að láta sér líða vel en gera ekki endilega meira.“

„Tæknin hefur ekki breytt miklu varðandi samskipti milli valdahópa og almennings.“

Markaðsvirði Facebook veltur á sölu upplýsinga um viðskiptavinum.
Mynd: Marco Verch/Creative Commons



„Við erum líklegust til að bregðast við og deila þegar eitthvað kemur fram sem vekur með okkur tilfinningaviðbrögð.“

Hefðbundnir fjölmiðlar veita mikilvægt aðhald

Jón Gunnar segir ekki einfalt að koma böndum á savmfélagsmiðlana en nefnir þó einkum tvennt sem margir eru sammála um. Annars vegar öflugra hefðbundna fjölmiðla, hins vegar að ríki heimsins vinni betur saman.

„Það er erfitt að breyta þessu eins og staðan er í dag. Samfélagsmiðlarnir hafa snúið dæminu við þannig að auglýsendur eru viðskiptavinurinn og notendurnir í raun varan. Með því að gefa upplýsingar um okkur búa þeir til vöru sem er seld

auglýsendum. Sumir hafa fært rök fyrir því að þessu þyrfti að breyta þannig að til væru samfélagsmiðlar sem notendur keyptu sig inn á gegn því að hegðun þeirra væri ekki seld áfram. En það er spurning hvort fólk sé tilbúið til þess á meðan hægt er að nýta aðra miðla ókeypis.

Þetta eru orðin svo valdamikil fyrirtæki að þau geta boðið ríkjum alls konar gylliboð. Þau til dæmis færa viðskipti til ákveðinna ríkja með því að opna þar gagna-ver. Oft er því haldið fram að til að setja þrýsting á fyrirtækin um að breyta sinni starfsemi verði það að vera gert af annað

„Samfélagsmiðlarnir hafa snúið dæminu við þannig að auglýsendur eru viðskiptavinurinn og notendurnir í raun varan.“

„Það skiptir gríðarlega miklu máli að vera með öflugra og góða fjölmiðla.“

hvort stærri ríkjum eða valdablokkum eins og Evrópusambandinu, sem sennilega hefur gert mest í að reyna að hafa hemil á þessum fyrirtækjum. Nú í tengslum við forsetakosningarnar í Bandaríkjunum hafa báðir flokkar gagnrýnt samfélagsmiðlafyrirtækin en á ólíkum forsendum. Það verður áhugavert að fylgjast með hver þróunin verður þar.

Til að taka upplýsta ákvörðun þarftu að hafa aðgang að traustum og góðum upplýsingum. Það hefur verið hlutverk hefðbundinna fjölmiðla að miðla þeim en þeir eru margir hverjir veikir því þeir hafa misst mikið af auglýsingatekjum sínum til þessara stórfyrirtækja. Það skiptir gríðarlega miklu máli að vera með öflugra og góða fjölmiðla.“

Primera Air varð gjaldþrota haustið 2018. Félagið var í íslenski eigu, skráð í Danmörku og með flugrekstrarleyfi í Lettlandi. Vélarnar voru leigðar til Íslands með áhöfn og deilt var um hvort kjör starfsfólks skyldu vera samkvæmt íslenskum reglum. Mynd: Scott Wright/Wikimedia Commons



Kristján Bragason

Eina leiðin er að sýna samstöðuna líka þvert á landamæri

Eigendur fyrirtækja virðast gera sífellt meiri kröfur um betri afkomu þeirra og finna nýjar leiðir til þess, sem alltof oft eru á kostnað launþega. Búast má við að enn myndist þrýstingur á verkafólk þegar fyrirtæki taka að endurskipuleggja sig út af Covid-19 faraldrinum. Samtök launþega þurfa að vera tilbúin að mæta því.


„Verkalýðshreyfingin hefur átt undir högg að sækja út af alþjóðavæðingunni sem hefur gegnsýrt viðskipti heims síðustu árin. Fyrirtæki starfa ekki lengur innan landamæra á meðan völd verkalýðshreyfingarinnar eru að stærstum hluta í hverju landi fyrir sig, jafnvel bundin við ákveðin landssvæði.“

Þetta segir Kristján Bragason sem í fyrra var kjörinn aðalritari EFFAT – Evrópusamtaka stéttarfélaganna í matvælaframleiðslu, landbúnaði og ferðaþjónustu. Hann býr með fjölskyldu sinni í Svíþjóð en er líka mikið á aðalskrifstofu EFFAT í Brussel og þangað berast erindi frá aðildarfélögum um alla Evrópu.

Eitt af stærstu málunum á hans borði þessa dagana varðar kjötiðnaðinn í Þýskalandi, sem hefur fengið miklar ákúrir eftir að augu almennings opnuðust fyrir aðbúnaði starfsfólks, í flestum tilfellum innflytjenda frá Austur-Evrópu, í Covid-faraldrinum í vor. Þegar veiran breiddist út meðal starfsfólksins afhjúpaðist við hvaða

Hver er Kristján Bragason?

Kristján Bragason var framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins á árunum 2000-2004 og aftur á árunum 2011-2012. Hann flutti sig þá um set og tók við starfi aðalritara Nordisk Union – norrænna samtaka starfsfólks í ferðaþjónustu. Í fyrra var hann kjörinn aðalritari EFFAT til næstu fimm ára. Innan vébanda samtakanna eru 1,2 milljónir félagsmanna og gegnir Kristján nú trúlega einu áhrifamesta embætti sem Íslendingur hefur gegnt innan verkalyðshreyfingarinnar á alþjóðavísu



Organise.
Fight.
Win.

aðbúnað það bjó af hálfu vinnuveitenda, bæði innan og utan vinnu.

„Þýski kjötiðnaðurinn hefur farið frá því að vera með fast starfsfólk, fyrst yfir í starfsmannaleigur og svo yfir í undirverktaka og gerviverktaka þegar reglur voru settar um leigurnar. Oft eru þetta annað hvort 3-4 starfsmenn sem ráða sig sem undirverktaka eða samið er beint við starfsmanninn. Hjá þessum fyrirtækjum eru 90% starfsfólksins verktakar í dag. Engir kjarasamningar eru til staðar í þýskum kjötiðnaði. Launin sem

„Fyrirtæki starfa ekki lengur innan landamæra á meðan völd verkalyðshreyfingarinnar eru að stærstum hluta í hverju landi fyrir sig.“

þetta fólk fær eru þau lægstu sem hægt er að greiða og þar sem það ræður sig sem verktaka fylgir enginn veikindaréttur og þeir þurfa sjálfir að greiða fyrir hlífðarbúnað. Þess vegna breiddist veiran hratt út því fólk þindi sig til að mæta veikt í vinnuna. Það bjó líka oft þétt í húsnæði sem kjötvinnslan skaffaði en var dregið frá verktakagreiðslunum,“ segir Kristján.

Til að stemma stigu við þessu er nú barist fyrir því að fyrirtækjum af ákveðinni stærðargráðu verði bannað að notast við undirverktaka. „Ekkert kerfi er fullkomið en þetta gefur okkur ákveðin tæki til að koma í veg fyrir að fyrirtæki hagi sér að vild.“

Skipuleggja sig innan fyrirtækjanna

Að vinna að verkalyðsmálum á heimsvísu getur verið nokkuð snúið því reglur, kjarasamningar og löggjöf ríkja og síðir fólks eru mismunandi. Reynt er að þetta raðir

launafólks með samvinnu og samstarfi.

„Alþjóðahreyfingar verkafólks hafa lagt áherslu á að vera vel skipulagðar í stórfyrirtækjum og stundum getur það verið auðveldara þar því þú veist hver mótaðilinn er og ímynd þessara fyrirtækja er mikilvæg. Völd þeirra hafa verið að aukast því það er skortur á verkfærum sem virka þvert á landamæri til að mæta þeim og með aukinni tæknivæðingu verður enn erfiðra að fastsetja hver stjórnar þeim eða hvar þau eru staðsett.

Samstaða launafólks er vel þekkt innan landamæra en ekki svo mjög þvert á landamæri. Eina leiðin til að mæta fyrirtækjunum er hins vegar að standa þéttar saman og sýna samstöðuna yfir landamæri.“

Togstreita milli landa

Það getur verið erfitt. Launafólk hefur gjarnan sýnt samstöðu í gegnum samúðarverkfall, en hefðir og vinnulöggjöf ólíkra landa flækja samstöðuna. Við bætist að

„Samstaða launafólks er vel þekkt innan landamæra en ekki svo mjög þvert á landamæri.“

hagsmunir starfsmanna ólíkra eininga innan sömu samsteypunnar geta verið mjög mismunandi.

„Á þessum Covid-tímum hafa landamæri víða lokast og heimurinn er því aftur að skiptast upp í svæði. Á sama tíma er verkalýðshreyfingin víða að verða þjóðernissinnaðri.

Við höfum þegar séð miklar uppsagnir og vitum að fleiri eru fyrirhugaðar því veruleg endurskipulagning er að verða í fyrirtækjum. Þegar menn loka verksmiðjum og flytja framleiðslu fellur verkalýðshreyfingin á viðkomandi stað oft í þá gryfju að fara að verja eigin störf og hindra að þau flytji yfir landamærin.

Við getum tekið sem dæmi að Coca-Cola European Partners (CCEP) eru núna að segja upp 1.200 starfsmönnum. Þá kemur upp togstreita milli landa. Þá er mikilvægt að samtök eins og okkar taki frumkvæðið og fái fólk til að tala saman og minna á að við verðum að berjast saman gegn fyrirtækinu, ekki hvert gegn öðru.

Til þess höfum við vinnusamráðsráð (e. European Work Council). Þau starfa innan margra stóru fyrirtækjanna og í þeim sitja fulltrúar frá öllum löndum þar sem

„Fyrirtæki reyna að komast hjá því að vera með fasta starfsmenn til að losna undan starfsmannaábyrgð og til að komast framhjá ákveðnum lögum og skyldum.“



Coca Cola er nú að segja upp um 1.200 manns í Evrópu.
Mynd: Heather Newland/Needpix.com

viðkomandi fyrirtæki starfar. Á tímum eins og þessum þarf fyrirtækið að ræða við þetta ráð áður en farið er í aðgerðirnar. Það er síðan okkar að tryggja að fólk standi saman. Samstaða tryggir oftast betri samninga við fyrirtækið.

Sú hætta er alltaf fyrir hendi að fyrirtækin etji ólíkum starfsmannahópum saman og þess vegna verðum við að vera skrefinu á undan með að ræða við alla þá sem hugsanlega eiga undir högg að sækja og fá fólk til að skilja að við getum ekki selt störf í einu landi fyrir að halda okkar. Það getur verið erfitt og hefur ekki alltaf tekist en ef við gerum það ekki mun störfunum bara fækka enn frekar.

Í þessu tilfelli náum við ekki að koma í veg fyrir að 1.200 manns verði sagt upp en þá er mikilvægast að þeim verði tryggður góður uppsagnarfrestur og tækifæri til að endurmennta sig.“

„Fyrirtæki eru líka alltaf að reyna að finna leiðir til að fækka föstum starfsmönnum.“

Stóru fyrirtækin vilja verktaka

Sum fyrirtæki reyna að finna leiðir í kringum þetta en Kristján segir að vinnu- markaðslöggjöfin sé almennt sterk innan Evrópusambandsins. Það eru samt auknar kröfur um meira frjálsræði þó Evrópu- sambandið hafi á allra seinustu árum reynt að hægja á þessari þróun.

Ýmsar leiðir eru hins vegar reyndar. Dæmi er einkaleyfi á notkun vörumerkis (e. franchise) í vissum atvinnugreinum. Fyrirtæki í einu landi kaupir rétt af móðurfyrirtæki til að nota vörumerkið og

„Til að arðsemiskrafan náist verður að hagræða og þau sem borga fyrir það eru fyrst og fremst starfsfólkið.“

hugmyndafræði móðurfélagsins í rekstri sínum. Dæmi um þetta eru Marriott-hótel. „Við sjáum meira og meira af þessu. Þar með tilheyra starfsmennirnir ekki móðurfélaginu. Fyrirtæki þurfa að vera með ákveðinn fjölda starfsmanna til að vera skylduð til að vera með vinnusamráðsráð og með þessu komast þau hjá því.“

Annað fyrirtæki sem ástundar svipuð herbrögð er Amazon. „Þar er um að ræða stórt vörumerki sem hefur fáa fastráðna starfsmenn, fyrst og fremst verktaka og lausráðna. Þetta er nýjasta þróunin um allan heim. Fyrirtæki reyna að komast hjá því að vera með fasta starfsmenn til að losna undan starfsmannaábyrgð og til að komast framhjá ákveðnum lögum og skyldum. Annað hvort eru starfsmennirnir gerviverktakar eða eru ráðnir í gegnum starfsmannaleigur. Í þessum tilfellum eru starfsmennirnir sjálfstæðir og vinna eins og launafólk en hafa engan samningsrétt við fyrirtækið, verða bara að taka því sem í boði er.

Við getum tekið sendlana hjá Amazon í Þýskalandi sem dæmi. Það á að heita að þeir séu með lágmarkslaun og samningurinn þeirra er um átta tíma vinnu

„Starfsfólk frá Austur-Evrópu vinnur oft við landbúnað og matvælaframleiðslu í Evrópu. Þeim eru almennt boðin smánarkjör og ótryggt starfsumhverfi.“



Kristján Bragason á fundi hjá EFFAT.
Mynd: EFFAT

en verkefnið sem þeim er falið er þannig vaxið að vitað er að þeir tímar duga ekki til að ljúka því. Þannig vinna þeir oft kauplaust og fara í raun að lokum undir lögbundin lágmarkslaun.

Fyrirtæki eru líka alltaf að reyna að finna leiðir til að fækka föstum starfsmönnum. Ótryggari ráðningarsambönd þýða að þau geta fyrr losað sig við starfsfólk í niðursveiflum.“

Hluthafarnir fá sitt á kostnað launafólks

Eitt af því sem veldur því að aukinn þrýstingur er settur á launafólk er arðsemiskrafa fyrirtækjanna. „Coca-Cola samsteypan var að kynna nýjar tölur úr bókhaldi sínu. Þótt salan hafi dregist saman um 10% hefur hagnaður samsteyppunnar aukist. CCEP er bara hluti starfseminnar en þessar tölur gefa til kynna góða arðsemi eigin hjár í fyrirtækinu. Hluthafarnir fá sinn ágóða en launafólkið borgar.

Fyrir 20 árum þótti eðlilegt að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, skatta og vaxtagreiðslur (EBITDA) væru 12-15% af veltu en nú er hann kominn yfir 20%. Til að arðsemiskrafan náist verður að hagræða og þau sem borga fyrir það eru fyrst og fremst starfsfólkið.“

Hvað býr að baki pylsupakkanum?

En það eru ekki bara hluthafarnir sem gera kröfu um meiri arðsemi. Neytendur elta líka ódýrustu vöruna. Þetta samanlagt setur mikinn þrýsting á birgðakeðjuna með afleiðingum eins og þeim sem komu í ljós í Þýskalandi í sumar.

„Við viljum túlka þetta vítt og teljum að framleiðslufyrirtæki, svo sem Nestlé og Unilever, beri ábyrgð á allri sinni virðis-keðju, bæði upp og niður fyrir sig. Þetta eru sterk fyrirtæki með fræg vörumerki sem geta sjálf ráðið verðlagningunni .

Matvælakeðjan byrjar yfirleitt í landbúnaði og kjör í honum eru víðast hvar í heiminum slæm, bæði hjá bændunum sem reka býlin og starfsfólkinu. Þannig heldur hann áfram.

Ef maturinn er mjög ódýr eru líkur á að einhvers staðar á leiðinni hafi einhver ekki fengið sitt, annað hvort ekki verið tekið tillit til umhverfisáhrifa, dýravelferðar eða starfsfólkið verið snuðað um laun og aðbúnað. Pylsupakkinn kostar kannski 800 krónur, af þeim fara 11% í virðisaukaskatt en svo getum við fetað okkur eftir keðjunni. Það þarf að ala grísinn, slátra honum, vinna pylsurnar og koma í búðina sem síðan

„Ef flugfarið kostar 2.000 krónur þá borgar það einhver í gegnum lág laun eða misnotkun.“

tekur sinn skerf. Á leiðinni þarf að uppfylla margar reglur. Það segir sig sjálf að til að ná þessu verði má framleiðslukostnaðurinn ekki vera mikill.

Verkalýðshreyfingin hefur stundum reynt að benda á ábyrgð neytenda. Við megum stundum spá í hvað við höfum í laun í samanburði við aðrar þjóðir. Lágmarkslaun í Búlgaríu eru um 50.000 krónur á mánuði og kaupmáttur lágmarkslauna er miklu minni en í Vestur-Evrópu. Starfsfólk frá Austur-Evrópu vinnur oft við landbúnað og matvælaframleiðslu í Evrópu. Þeim eru

almennt boðin smánarkjör og ótryggt starfsumhverfi.“

Flugfélög með áhafnir frá starfsmannaleigum

Flugiðnaðurinn er einnig dæmi um atvinnugrein þar sem fyrirtæki með alþjóðlega starfsemi hafa reynt að skrá starfsfólk þar sem fyrirtækjunum hentar. Frægt er þegar Skúli Mogensen, hjá hinu fallna Wow Air, sagði að kröfur á íslenskum vinnumarkaði væru of íþyngjandi fyrir flugfélög.

„Verðinu er þrýst niður en starfsfólkið fær alltaf verri og verri kjör. Ef flugfarið kostar 2.000 krónur þá borgar það einhver í gegnum lág laun eða misnotkun. Því miður hafa nokkur lönd í Evrópu leyft alltof frjálssar reglur um starfsmannaleigur. Írland, Litháen og Slóvenía eru þekkt dæmi um þetta og grafa þannig undan launakerfum í öðrum löndum.“

Við getum hugsað okkur flugfélag sem flýgur milli Kaupmannahafar og Barselóna á Spáni sem er með Dani í vinnu en þeir eru fengnir frá litháískri starfsmannaleigu. Samkeppnisstaða þess er mun betri en þeirra flugfélaga sem ráða sitt fólk samkvæmt dönskum leiðum.“

Kristján viðurkennir að þetta sé ekki auðvelt við að eiga, alþjóða verkalýðshreyfingin biður sjaldnast almenning að hætta að kaupa ákveðna vöru eða þjónustu, en vill frekar hrósa þeim sem eiga það skilið. „Út af mögulegri skaðabótaskyldu er erfitt fyrir alþjóðleg verkalýðsfélög að hvetja til þess að þessi fyrirtæki séu sniðgengin. Að auki getum við átt það á hættu að ráðast gegn eigin félagsmönnum sem vinna hjá þeim. Við þurfum yfirleitt frekar að þoka hlutunum í rétta átt með samráði og samstöðu og/ eða aðgerðum ef samtalið virkar ekki.“

Hvað er vinnusamráðsráð?

Alcoa er eitt fárra fyrirtækja með starfsemi af þeirri stærðargráðu á Íslandi að frá starfsstöð þess sitji fulltrúi í evrópsku vinnusamráðsráði. Sverrir Kristján Einarsson er fulltrúi starfsfólks Fjarðaáls í ráðinu. Hann sat fyrst fundi þess sem varamaður árið 2018 en tók sæti sem aðalmaður í fyrra og er ritari þess í dag. Hann starfar sem framleiðslustarfsmaður í kerskála Alcoa auk þess að vera trúnaðarmaður þar. Þá situr hann í stjórn AFLs.

„Við erum sjö í ráðinu í dag. Í því situr einn einstaklingur frá hverri minni starfsstöð Alcoa innan Evrópusambandsins, tveir

frá þeim stærstu. Ísland tók upp reglurnar um vinnusamráðsráðin í gegnum EES-samninginn.

Alcoa ber að tilkynna ráðinu allar breytingar á einni starfsstöð sem hefur áhrif á aðrar starfsstöðvar. Ef breytingarnar eru stórvægilegar, svo sem minnkun framleiðslu eða álveri lokað, höfum við mótmælarétt auk þess sem við getum komið með tillögum að lausnum. Við höfum mánuð til að rökræða málið og fá ráðgjöf á kostnað Alcoa.

Ráðið hefur verið mjög virkt síðustu tvö ár. Fyrst því Alcoa ætlaði að loka

tveimur álverum á Spáni sem síðar voru seld. Í tengslum við þau mál stefndi ráðið Alcoa fyrir Evrópudómstólinn. Þar vannst hálfur sigur því breytingar urðu til batnaðar frá því sem Alcoa hafði ætlað sér.

Nú er verið að minnka framleiðslu í þriðja álverinu á Spáni og þar er verið að segja upp 534 starfsmönnum. Við berum hag hins almenna starfsmanns fyrir brjósti og því er það okkar að finna aðrar leiðir eða reyna að takmarka neikvæð áhrif breytinga á starfsfólkið.“



Katrín Ólafsdóttir

Til mikils að vinna með skilvirkari kjaraviðræðum

*Fleiri stéttarfélög starfa á Íslandi en í Danmörku þótt danski vinnu-
markaðurinn sé 14 sinnum stærri. Dósent í hagfræði hvetur til þess
að skilvirkni verði aukin við gerð kjarasamninga hérlendis. Það verði
á endanum hagur allra.*

„Ef þú reiknar tímakaup 10-15 manns sem funda vikulega 2-3 tíma í senn þá verður heildartalan gríðarlega há. Þess vegna er til mikils að vinna fyrir samfélagið í heild að finna betri leiðir,“ segir Katrín Ólafsdóttir, dósent í hagfræði við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.

Katrín skrifaði í síðasta mánuði grein í tímaritið Vísbendingu þar sem hún skoðar gerð kjarasamninga á Íslandi út frá nýjum gögnum Kjaratölfræðinefndar og ber saman við hvernig að þeim sé staðið í nágrenni löndum okkar.

Kraftarnir dreifðir

Íslensk launþegahreyfing er sterk. Um 92% þeirra sem eru á vinnumarkaði eru innan stéttarfélaga, sem er langhæsta hlutfall sem finnst innan ríkja OECD. Þá hefur hlutfallið hérlendis aukist lítillega meðan það hefur

lækkað annars staðar í heiminum. „Sú vernd sem íslenskir kjarasamningar veita stéttarfélögum virðist viðtækari en annars staðar. Erlendis geturðu víða notið verndar kjarasamnings með viðbótum án þess að vera í stéttarfélagi,“ svarar Katrín, aðspurð um hina miklu aðild hérlendis.

En þótt aðildin sé almenn virðast kraftarnir samt vera dreifðir í margar litlar einingar. Hérlendis starfa yfir 140 stéttarfélög með að meðaltali 1.450 manns en í Danmörku eru félögin 112 með að meðaltali 16.700 félagar.

„Ef tíu félög eru í samfloti getur endað á því að níu þeirra samþykkja samning en eitt fellir hann.“

Margir kjarasamningar

Það eru ekki bara félögin sem eru mörg, kjarasamningarnir eru það líka. Kjaratölfræðinefnd áætla að í samningslotunni sem hófst í september 2019 verði gerðir um 330 samningar. Að meðaltali séu 6-700 manns á bakvið hvern kjarasamning. Talan heldur áfram að minnka þegar rýnt er í kjörskrár kjarasamninganna. Þannig eru innan við 100 manns á bakvið helming þeirra samninga sem eru undirritaðir. Aðeins fjórir kjarasamningar eru með yfir 5000 manns á kjörskrá en 25 samningar með 10 eða færri á kjörskrá.

Íslensku stéttarfélögin mæta smæð sinni með því að vinna saman í kjarasamningum en það segir ekki alla söguna. „Þau eru í samfloti í samningum en þegar kemur að því að kjósa þá kys hvert félag fyrir sig. Ef tíu félög eru í samfloti getur endað á því

Hver er Katrín Ólafsdóttir?

Katrín Ólafsdóttir er dósent við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík. Hún nam tölvunarfræði við Háskóla Íslands áður en hún hélt til Bandaríkjanna og útskrifaðist fyrst með AB gráðu í hagfræði frá Occidental College í Los Angeles en síðar MA gráðu í vinnumarkaðshagfræði frá Cornell háskóla í New York. Hún lauk síðan doktorsprófi í faginu frá skólanum árið 2009. Í lokaritgerðinni fjallaði hún um launaþróun hjá íslenska ríkinu og breytingar í kjölfar þess að kjarasamningsumhverfinu var breytt á árinu 1998. Hún hefur frá árinu 2012 setið í Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands.



að níu þeirra samþykkja samning en eitt fellir hann. Þá þarf að semja sérstaklega við það félag, sem mögulega fær þá eitthvað umfram hin sem skapar ósamræmi. Þetta þýðir að ekki næst að klára ferlið til enda.“

Viðsemjendur í fjórum liðum

Meira samræmi virðist hinum megin við samningaborðið. Samkvæmt tölum Kjaratölfræðinefndar gera Samtök atvinnulífsins að jafnaði 130 kjarasamninga í hverri samningalotu. Um 64% launþega eru á almenna markaðnum, 14% eru hjá ríkinu, sem er næst stærsti viðsemjandinn, og 17% hjá sveitarfélögunum, sem í viðræðum skiptast yfirleitt í Reykjavíkurborg annars vegar og önnur sveitarfélög hins vegar. „Stundum ertu með mjög lítið stéttarfélag öðru megin samningaborðsins að semja við atvinnumenn í samninganefndum stóru aðilanna,“ útskýrir Katrín.

Samtök atvinnurekenda eru ekki jafn breið víða erlendis, en þar er ekki óalgengt að samningar séu gerðir á hverjum vinnustað fyrir sig. Þar ber þó að merkja að erlendis er oft eitt stéttarfélag með alla starfsmenn tiltekins stórfyrirtækis meðan hérlendis eru jafnvel tíu stéttarfélög á sama vinnustaðnum.

„Sú vernd sem íslenskir kjarasamningar veita stéttarfélögum virðist viðtækari en annars staðar.“

Viðræður ganga hægt

Annað sem vakið hefur athygli er að íslenskir kjarasamningar eru frekar lengi að verða til. Hérlendis heyrir til undantekninga ef nýr kjarasamningur er tilbúinn áður en sá sem er í gildi rennur út, meðan það er regla, frekar en undantekning, í Danmörku.

Fyrir nokkrum árum voru sett lög um það hérlendis að umræðuáætlun skyldi vera tilbúin átta vikum áður en kjarasamningur rennur út. „Þessi lagasetning átti að vera hvati til að koma fólki fyrir af stað en ég get ekki séð að hún hafi skilað miklu. Kjarasamningar virðast hafa tekið lengri tíma en áður síðustu ár,“ segir Katrín.

Tímasóun að karpa um staðreyndir

Hún telur til mikils að vinna með að gera kjaraviðræður skilvirkari. „Ég held að allir sjái að þetta tekur of langan tíma og það verður



Samninganefnd Starfsgreinasambandsins á fundi hjá ríkissáttasemjara.
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLs, er önnur frá hægri.
Mynd: Ernir Eyjólfsson

„Stundum ertu með mjög lítið stéttarfélag öðru megin samningaborðsins að semja við atvinnumenn í samninganefndum stóru aðilanna.“

að skoða kerfið. Hvernig við gerum það er samningsaðila að koma sér saman um. Það þarf að herða á verklagsreglum, fylgja því eftir að viðræðuáætlun sé gerð og staðið við hana. Stéttarfélögin geta unnið meira saman og eins er hægt að ákveða að kosning um kjarasamning sé sameiginleg.

Ríkissáttasemjari hefur víða annars staðar meiri völd. Í nágrannalöndum okkar getur hann ákveðið um að kosið sé sameiginlega um kjarasamning auk þess sem hann hefur meiri völd til að kalla samningsaðila að samningaborðinu. Ég held að við eigum að skoða þær fyrirmyndir sem við höfum.

Vinna Kjaratölfraðinefndar er mikils

virði. Stundum hefur verið setið í kjaraviðræðum og deilt um staðreyndir. Það er ekkert annað en tímaeyðsla. Við eigum að leggja vinnu í að við séum með góðar grunnupplýsingar um laun og annað sem allir hafa aðgang að. Það kostar í byrjun en skilar ávinningi því þá er hægt að ræða um samningana en ekki staðreyndir.

Ég tala alls ekki fyrir því að taka samningsréttinn af einum né neinum en ég held við getum gert betur.“

Lítil þátttaka í atkvæðagreiðslum

AFL Starfsgreinafélag varð til við sameiningu þriggja stéttarféлага á svæðinu frá Langanesbyggð í norðri til Hafnar í Hornafirði í suðri. Sameining stéttarféлага gæti verið ein leiðin til að auka skilvirkni þeirra en eins og Katrín bendir á þá eiga ekki hvaða félög sem er samleið. „Það vegast á tveir hlutir. Annars vegar stærðin, hins vegar að ákveðnar stéttir hafa sína hagsmuni. Ég veit ekki hvort Læknafélagið

muni nokkurn tímann íhuga að sameinast Félagi hjúkrunarfélagi en önnur félög gætu átt samleið.“ Annar möguleiki sé að sameina landssambönd, líkt og nýlega hafi gerst í Danmörku.

En stærðinni fylgja líka ókostir. Eitt af því sem finna má í gögnum tölfræðinefndarinnar er þátttaka í atkvæðagreiðslum. Að meðaltali greiddu 19% félagsmanna innan ASÍ atkvæði um Lífskjarasamninginn í fyrra. „Þar er hlutunum snúið á haus, því minna sem stéttarfélagið er því meiri virðist þátttakan. Lítil þátttaka kom ekki endilega á óvart, en það var athyglivert að sums staðar færi hún niður í 5%.“

„Stundum hefur verið setið í kjaraviðræðum og deilt um staðreyndir. Það er ekkert annað en tímaeyðsla.“

Hvernig verða kjarasamningar til?

AFL Starfsgreinafélag er aðili að níu aðalkjarasamningum og á þriðja tug sérkjara- og vinnustaðasamninga. Flestir þessir samningar eru endurnýjaðir á eins til fimm ára fresti og snýst verulegur hluti af starfsemi félagsins um vinnu við gerð þeirra.

Það fer eftir eðli hvers samnings hvernig undirbúningi er háttað en meginþemað við undirbúning er að kanna vilja félagsmanna sem í hlut eiga. Þegar til dæmis aðalkjarasamningar við Samtök atvinnulífsins eru undirbúnir eru haldnir fundir í trúnaðarráði og síðan sendir út spurningalistar á sem flesta félagsmenn þar sem þeir eru beðnir um að raða mögulegum áhersluatriðum á forgangslista.

Þá fer formaður félagsins í vinnustaðaheimsóknir og reynir að hitta félagsmenn til að heyra sjónarmið sem flestra. Önnur verkalýðsfélög vinna undirbúning á svipaðan hátt og að undirbúningi heima við loknum, hittast síðan formenn verkalýðsfélaga sem aðild eiga að þessum aðalkjarasamningi, bera saman bækur sínar og móta kröfugerð.

Fyrst samið við þá stærstu

Fyrir kemur að ekki verður samstaða meðal verkalýðsfélaganna og fara félögin þá fram í minni hópum eða jafnvel hvert félag fyrir sig. Reynslan sýnir okkur að Samtök atvinnulífsins leggja mesta áherslu á að eiga viðræður við

„stærstu blokkina“ og ljúka samningum við hana og hafa önnur félög síðan mátt sætta sig við þá niðurstöðu.

En það er langur vegur frá því að atriði kemur á vinnustaðafundi á félagssvæðinu – til þess að það verði síðan að niðurstöðu í kjarasamningi því fyrst þarf formaður félagsins að berjast fyrir því að það atriði rati inn í kröfugerð samflotsins og síðan þarf að berjast fyrir því í viðræðum við launagreiðendur.

Nokkrir sjálfstæðir samningar

Þegar um er að ræða vinnustaðasamninga er staðan aðeins önnur því yfirleitt eru þeir gerðir undir friðarskyldu og því ekki hægt að fylgja kröfum eftir með hótunum um verkföll. Þó að formaður eða starfsmenn AFLs komi að gerð vinnustaðasamninga er lögð áhersla á að trúnaðarmenn starfsmanna eða aðrir sem starfsmenn velja, séu við samningaborðið og í lykilhlutverki. Kröfur starfsmanna eru yfirleitt vel afmarkaðar og ræddar áður en sest er til samninga.

AFL á einnig aðild að sjálfstæðum kjarasamningum sem taka til afmarkaðra hópa – til dæmis í fiskimjölsverksmiðjum. Það er kjarasamningur með sjálfstæðan verkfallsrétt og óháður almennum kjarasamningi um verkamannastörf – þó svo að hann sé gerður með vísan til almenna samningsins um mörg atriði. Sá samningur hefur að

mestu verið gerður undir forystu trúnaðarmanna í fiskimjölsverksmiðjum. AFL var í samfloti við Drífanda í Vestmannaeyjum síðustu ár en við síðustu endurnýjun samningsins leitaði Drífandi eftir samfloti við önnur félög og AFL fór eitt fram og gerði samning sem síðan varð fyrirmynd annarra fiskimjölssamninga.

Trúnaðarmenn í lykilstöðu

Fyrir kemur að krefjast þarf nýrra kjarasamninga þar sem ekki eru sérstakir samningar fyrir. Síðasta dæmi þess að AFL hefur farið þá leið er þegar knúinn var fram sérstakur kjarasamningur fyrir starfsmenn undirverktaka á álverslóð. Þá þarf að leggja í sérstaka vegferð sem vörðuð er í lögum nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur. Það þarf þá að krefjast kjarasamnings þegar almennir kjarasamningar eru lausir – og óska eftir viðræðum.

Synji launagreiðendur viðræðum þarf að „vísa deilu“ sem kallað er en það þýðir að óskað er aðstoðar ríkissáttasemjara við að koma á samningi. AFL gerði það 2015 og fylgdi síðan málinu eftir með verkfallsboðun á álverslóð. Það reyndi mikið á trúnaðarmenn félagsins í þeirri deilu og sáu þeir að mestu um samskiptin og samráðið á sínum vinnustöðvum og voru í forystu við gerð rammasamningsins sem gerður var og vinnustaðasamninga í kjölfarið.



Sigríður Dóra Sverrisdóttir

„Sá mér til hryllings að
ég hafði rétt fyrir mér“

Í síðasta mánuði lauk formlega deilum Vopnafjarðarhrepps og Stapa lífeyrissjóðs um uppgjör á vangoldnum lífeyrissjóðsgreiðslum sveitarfélagsins yfir rúman áratug. Það var Sigríður Dóra Sverrisdóttir sem varð villunnar fyrst vör á trúnaðarmannanámskeiði hjá AFLi fyrir fjórum árum og hún hefur síðan staðið í stafni fyrir kröfunni um að hreppurinn bætti skuldina að fullu. Málið reyndi mikið á Sigríði Dóru sem búið hefur á Vopnafirði frá fermingaráldri og lengst af starfað fyrir sveitarfélagið.

„Aumingja Vopnafirðingar fengu mig 1973, 14 ára kjaftforan ungling. Ég kom hingað 9. júní, nýfermd, þegar pabbi fór á nýja Bretting,“ segir Sigríður Dóra. Við sitjum í stofunni heima hjá henni með útsýni yfir bæinn, hafnarsvæðið og fjörðinn nýbúin að gleypa í okkur veglega, heimabakaða kanilsnúða.

Sigríður Dóra er alin upp á Akureyri og kveðst hafa átt ljúfa æsku þótt af lýsingunum að dæma sé ljóst að stundum hafi verið þröngt í búí. „Þau voru að byggja stórt hús á Akureyri, með lítilli íbúð niðri fyrir afa, þegar þau lentu í síldarhruninu. Það var örugglega erfitt hjá þeim þá. Þá voru skattarnir borgaðir eftir á. Ég fæddist ekki

með gullskaið í munni en ég svalt aldrei. Mamma var en seigari það og við áttum að fólk frammi í sveit.“

Fjölskyldan bjó í ysta húsinu úti í þorpinu á Akureyri, nærri Krossanesverksmiðjunni og þótt vegalengdirnar væru stundum langar harðneitaði hún að sitja í fjölskyldubílnum. „Foreldrar mínir áttu Skoda og það var einhver stífla í bensíninu þannig að hann gaf frá sér skothvelli. Krakkarnir lögðust alltaf í götuna þegar bíllinn fór hjá. Það var nóg til þess að ég labbaði frekar inn í bæ en að fá far.“

Nýja húsið reis en afinn neitaði að flytja inn í íbúðina og fjölskyldan bjó þar ekki lengi áður en hún fór austur á Vopnafjörð. „Við bjuggum í því hálfkláruðu í um þrjú ár. Aðalstíginn í húsinu, sem var mjög flottur, var það síðasta sem kláraðist. Við fengum bara 1-2 daga til að hlaupa almennilega upp og niður hann.“ Sigríður Dóra rifjar upp að móður hennar hafi ekkert litist á Vopnafjörð þegar hún kom þangað fyrst, um fimm árum áður en fjölskyldan flutti. „Mamma sagðist hafa sest niður á klettana ofan við björgunarhúsið og hugsað með sér að hún skildi ekki hvernig fólk gæti búíð hér. Þá var ekki almennileg hafnarstöðaða hér og bærinn ekki jafn snyrtilegur og hann er í dag,“ segir Sigríður.

Bjuggu á barnum

Foreldrar hennar búa þó enn á Vopnafirði í næstu götu við hana. Fyrstu vikurnar á Vopnafirði bjuggu þau, með Sigríði Dóru og tvö hálf systkini hennar í enda hótelsins þar sem löngum hefur verið bar. „Það var bara einn fataskápur sem skildi að þar sem mamma og pabbi sváfu og við systkinin.“

Sjálf segist hún minna hafa hugsað um hvernig bærinn leit út fyrstu dagana en meira um félagslífið. „Mér fannst ekkert mál að flytja. Vopnafjörður var eins og Eyja-fjörður með sveitina inn af flugvællinum. Eina breytingin var að ég þurfti að kynna nýju fólk og ég hef aldrei átt í vandræðum með það.“

Ég þældi meira í því hvar voru böll um næstu helgi frekar en hvernig bærinn leit út. Fyrsta sumarið mitt var í sveit á Torfastöðum og ég man ég fékk að fara á Hofsból um haustið. Það var grenjandi rigning og ég hafði gleymt stígvélunum mínum á Torfastöðum. Einu stígvélin sem fundust voru rauð frystihússtígvél af vinkonu mömmu og í þeim fór ég.“

„Mér fannst ekkert mál að flytja. Eina breytingin var að ég þurfti að kynna nýju fólk og ég hef aldrei átt í vandræðum með það.“

Móðir leikmannanna

Auk þess að stunda böllin byrjaði Sigríður Dóra snemma að fylgja knattspyrnu liði Einherja sem var á mikilli uppleið upp úr miðjum áttunda áratugnum. Sigríður Dóra hefur lengi verið meðal bakhjarla liðsins því hún hefur bæði eldað fyrir og aðstoðað íslenska sem erlenda leikmenn sem dvalið hafa á Vopnafirði sumarlangt til að leika með liðinu. Birkir Kristinsson, síðar landsliðsmarkvörður, og Óskar Sigmundsson, sem rekur fisksölufyrirtækið Marós í Þýskalandi í dag, voru í mat hjá henni fyrsta sumarið sem hún tók að sér fótboltamenn og þau hafa haldið sambandi síðan.

„Ég var þá 24 ára en þetta voru kornungir strákar, 18-19 ára. Ég held þetta sé einhver móðurtilfinning. Mér finnst að það verði einhver að hugsa um þessa stráka. Ég held þeir spili þá betur. Við vorum 13 í heimili þar sem ég var í sveit og ég lærði að það skiptir ekki máli hvort þú eldar fyrir þrjá eða fjóra. Það er ekki lambalæri í matinn á hverju kvöldi en ég hef aldrei verið svo fátæk að ég geti ekki gefið fólk að borða.“

Á meðan við ræðum saman er bankað upp á. Einn af Búlgörunum í liðinu hefur keypt sér hús með eiginkonu sinni frá

Svartfjallalandi og eru þau að standsetja það. Sigríður Dóra lánar þeim kaffikönnuna sína til að hafa svo hægt sé að hella upp á fyrir iðnaðarfólkið. Sigríður Dóra kynntist konunni þegar hún kom fyrst til Vopnafjarðar, 24 ára gömul og vart talandi á ensku. Með þeim tókst félagsskapur og Sigríður Dóra heimsótti foreldra hennar þegar hún ferðaðist til Svartfjallalands fyrir nokkrum árum. „Hún reddaði mér enskumælandi bílstjóra og túlki því mig langaði að hitta foreldra hennar.“

Hún rifjar upp að í ferðinni hafi hún fengið snert af lungnabólgu og þá hafi lækna-nemi, sem vann í móttökunni á hótelinu, getað útvegað henni lyf. „Hún fékk leyfi fyrir því hjá leiðbeinandanum sínum til að gefa mér væg lyf. Hún fylgdist síðan með mér á hverjum degi. Ég gaf henni 50 evrur þegar ég fór.“

Það er karma – þið vitið það. Ég er alltaf með eitthvað íslenskt, nammi eða slíkt, þegar ég fer til útlanda. Ég þarf alltaf einhvers staðar að þakka fyrir mig.“

„Það er ekki lambalæri í matinn á hverju kvöldi en ég hef aldrei verið svo fátæk að ég geti ekki gefið fólk að borða.“

Fyrsti leikskólinn

Sigríður flutti suður til Reykjavíkur í fimm ár en kom aftur og hefur verið samfleytt á Vopnafirði frá árinu 1982. Hún rifjar upp að hún hafi tíu ára verið byrjuð að vinna fyrir sér með að passa börn og kom að stofnun fyrsta leikskólans á Vopnafirði. Það var Hafrún Róbertsdóttir sem stofnaði skólann haustið 1976 en hún hafði um sumarið snúið heim eftir að hafa lokið fóstrunámi. „Það hafði verið leikvöllur en eftir að hún kom austur leigði hún sal hjá verkalýðs-félaginu í Austurborg og ég vann með henni. Þegar mest lét vorum við tvær með



27 börn. Það var í desember. Við gátum ekki sagt nei, launin okkar byggðust á fjölda barna.“

Eftir að Sigríður Dóra kom aftur til Vopnafjarðar starfaði hún nær óslitið á leikskólum á Vopnafirði þar til í október fyrir ári. Hún sagði þá upp eftir deilur við sveitarstjórn út af lífeyrissjóðsmálinu. „Ég vil endilega komast aftur í vinnuna mína, bara ekki meðan þessi meirihluti hreppsnefndar situr. Samviskan leyfir mér það ekki. Ég tel að þau hefðu getað staðið miklu betur að málum. Ég hef ekki geð í mér til að vinna fyrir hreppinn.“

Síðustu atvinnuleysisbætur sem ég fékk voru 131 þúsund en ég væri með 191 þúsund útborgað á leikskólanum, því ég vann hálfan daginn. Fjármálaráðherra segir að það megi ekki hafa atvinnuleysisbætur of nálægt lágmarkslaunum en bilið er orðið talsvert mikið. Það er líka til fólk eins og ég sem var ekki á lágmarkslaunum en er á bótum,“ segir hún um stöðu sína í dag.

Afdrifaríkt trúnaðarmannanámskeið

Á árunum 2005-2016 greiddi Vopnafjarðarhreppur of lágt framlag til Stapa lífeyrissjóðs vegna sjóðfélaga sem unnu hjá hreppnum. Eftir að villan uppgötvaðist spruttu upp deilur um hvernig hreppurinn myndi standa að bótum. Í fyrrasumar ákvað hreppsnefndin að greiða höfuðstól gjaldanna auk þeirra vaxta sem ekki voru fyrndir, en Stapi fór fram á að sveitarfélagið greiddi ávöxtunarkröfu til að starfsmennirnir yrðu ekki fyrir því að lífeyrisréttindi þeirra skertust.

„Eins gaman mér finnst á þessum námskeiðum og hef verið dugleg að sækja þau þá hefði ég kannski betur verið heima í þetta skipti.“

Í kjölfar íbúafundar um málið í lok september í fyrra skipti hreppsnefndin um skoðun og ákvað að greiða vextina einnig að fullu. Hún íhugaði hins vegar dómsmál því hún taldi Stapa bera hluta ábyrgðarinnar. Frá þeim áformum féll hún í síðasta mánuði.

Sigríður Dóra var lykilpersóna í þessu máli því það var hún sem fyrst kom auga á villuna á trúnaðarmannanámskeiði hjá AFLi haustið 2017. „Eins gaman mér finnst á þessum námskeiðum og hef verið dugleg að sækja þau þá hefði ég kannski betur verið heima í þetta skipti. Þá væri ég enn í vinnunni uppi á leikskóla.“

Á þessu námskeiði vorum við að reikna út launaseðla og leiðbeinandinn heldur því fram að við eigum að reikna 11,5% sem framlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð en ég segi að það séu bara 8%. Leiðbeinandinn segir mér að það séu 12-13 ár síðan það breyttist. Ég náði ekki að sannreyna málið á staðnum en það fyrsta sem ég geri þegar ég kem heim er að kanna málið nánar. Þá sé ég það mér til hryllings að ég hef rétt fyrir mér. Stundum gleðst maður yfir því en ég gerði það ekki þarna því ég vissi að þetta snérist um aðra en mig.“

Peningarnir sem við höfðum unnið fyrir

Sigríður Dóra hafði haldið eftir einum launaseðli frá hverju ári og gat því rakið sig aftur á bak til að finna hvar mótframlagið breyttist. Hún lét AFL og Stapa vita og síðan var haft samband við Vopnafjarðarhrepp. Sigríður Dóra kveðst hafa beðið róleg í um tvö ár með vilyrði frá þáverandi sveitarstjóra um að gert yrði upp við starfsfólkið að fullu en gerði sér grein fyrir að það tæki tíma. Henni hafi því brugðið verulega við ákvörðun hreppsnefndarinnar í fyrrasumar.

„Ég var rosalega sár. Hreppsnefndarfólk bað mig um að aðhafast ekkert því verið væri að vinna í málinu, það var lygi þegar upp var staðið. Þetta voru peningar sem ég hafði unnið fyrir en mátti ekki fá fyrir en ég yrði gömul.“

„Þá sé ég það mér til hryllings að ég hef rétt fyrir mér.“

Sigríður Dóra varð málsvari starfsfólksins og útskýrði málið í fjölmiðlum. „Morgunblaðið birti viðtal við sveitarstjórnann. Ég varð ekki sátt og hringdi í blaðið og spurði hví ekki væri leitað eftir báðum hliðum. Í kjölfarið tók blaðið við mig fint viðtal og í framhaldinu kom skriða. Ég man að ég fór í sjónvarpsviðtal hjá RÚV og ég nennti ekki að hafa mig til fyrir það. Mér fannst alveg eins gott að fólk sæi að ég væri búin að fá nóg.

Við þetta vöknudu Vopnafirðingar aðeins. Ég veit ekki hvað þeir höfðu heyrt annað en ég væri að setja hreppinn á hausinn en það vantaði hluta launanna.“

Ósvífin framsetning

Þótt Sigríður Dóra hafi talað fyrir því hreppurinn axlaði fulla ábyrgð viðurkennir hún að hafa gert sér grein fyrir að ekki væri víst að fullur sigur hefðist ef málið færi fyrir dómstóla. Hún hafi því verið búin að sætta sig við orðinn hlut þegar kom að íbúafundinum.

„Ég sá þannig séð enga aðra leið. Hreppurinn ætlaði ekki að borga allt þótt ég hefði reynt allt sem ég gat. Þetta tók á mig. Ég var hætt að sofa og borða. Hreppurinn er rekinn fyrir útsvar og fasteignagjöld. Það sat í mér að þetta var lífeyrir, hluti launa fólks sem síst mátti við því.

Það sem mér fannst verst á fundinum voru glærurnar um að þetta væru bara 200-1700 krónur á mánuði. Þær verða að milljónum yfir þetta tímabil. Ég veit um manneskju sem fékk um fjórar milljónir í inneign, hana munar um það. Mér fannst ósvífið að setja þetta svona upp og segja svo að hreppurinn hefði ekki efni á þessu. Peningunum var ekki hent út um gluggann, hann var notaður í framkvæmdir fyrir sveitarfélagið. Hreppsnefndarmenn svöruðu ekki spurningunum sem ég sendi þeim, bara sveitarstjórninn. Kannski var ákveðið að þetta væri gert svona en það sagði mér það enginn. Þetta gerði mig ákveðna í að keyra málið eins langt og hægt væri.“

Sigríður Dóra segist hafa verið dofin þegar hún frétti af fyrstu sinnaskiptum hreppsins. Nú kveðst hún geta fagnað þegar ljóst er að dómsmálið er úr sögunni. „Ég ætla að hafa kótilettur í kvöldmatinn.“

Rangt að lífeyrissjóðirnir séu einir í gjaldeyrishöftum

Sigríður Dóra tekur fram að hún hafi átt minna undir í málinu en samstarfsfólk hennar því stór hluti lífeyris hennar er í öðrum sjóði eftir að hún reiddist Lífeyrissjóði Austurlands, sem síðar sameinaðist Lífeyrissjóði Norðurlands í Stapa, vegna starfslokasamnings fyrrum framkvæmdastjóra. Hún er hins vegar varamaður í stjórn Stapa í gegnum AFL en til þess þarf að standast próf á vegum Fjármálaeftirlitsins. „Ég eyddi gífurlegri vinnu það. Ég fór í prófið 2013, hafði þá ekki verið í skóla í 40 ár, hvað þá í fjármálum. Ég kunni bara heimilisbókhaldið. Þetta var fjögurra tíma yfirheyrsla. Ég kunni ekki allt utan að en skildi reglugerðina og gat þannig komist í gegn.“

Lífeyrissjóðirnir eru reglulega gagnrýndir fyrir ákvarðanir sem þeir taka við ávöxtun eigna sjóðsfélaga. Sigríður Dóra þekkir það af eigin reynslu hvernig það er að reiðast lífeyrissjóðnum en telur gagnrýnina ekki alltaf sanngjarna. „Ég er ekki viss um að allir skilji hvernig lífeyrissjóður virkar. Þú ert ekki bara að safna fyrir þinn lífeyri. Þetta er samtryggingarsjóður, við erum líka að ábyrgjast aðra, til dæmis þá sem lenda ungir í örorku auk maka- og barnalífeyris. Mér finnst gott að vita til þess þótt hvorki ég né nokkur nálægt mér hafi þurft á þessu að halda.“

Hún kveðst ekki getað svarað fyrir aðra lífeyrissjóði en bendir á að Stapi stígi almennt varlega til jarðar í sínum fjárfestingum. „Stapi er ekki áhættusækin sjóður og þess vegna er ávöxtunin lægri en til dæmis hjá sjóðum bankanna. Þeir eru öðruvísi og geta því leyft sér meiri áhættu.

Ef tíu manns kaupa sér hús eru níu í lagi en eitt er með leynda galla. Alveg eins lenda sjóðirnir í að ekki eru allar fjárfestingar þeirra góðar. Stefna Stapa er líka sú að áhættan er frekar tekin í fjárfestingum á starfssvæðinu.“

„Hví fá aðrir, svo sem bankar og tryggingafyrirtæki, að leika lausum hala meðan lífeyrissjóðirnir eru í höftum.“

Hún bendir líka á að lífeyrissjóðunum séu takmörk sett í sínum fjárfestingum. Um miðjan mars gerðu þeir samkomulag við Seðlabankann um að fjárfesta aðeins innanlands til að sporna við Covid-kreppunni og undirgengust þar með óformleg gjaldeyrishöft. Sigríður Dóra er gagnrýnin á það samkomulag.

„Ég var ekki sammála þessu. Af hverju eru ekki allir í höftum?



Stolt með Liverpool-fána, meðal annars áritaðan af þjálfaranum Jürgen Klopp, við heimili hennar á Vopnafirði.

Hví fá aðrir, svo sem bankar og tryggingafyrirtæki, að leika lausum hala meðan við erum í höftum. Væri ekki frekar að stoppa braskarana en leyfa lífeyris-sjóðunum að fjárfesta erlendis því þeir eru þó að hugsa um almenning í ellinni. Sumir lífeyrissjóðanna eru ekkert stærri en tryggingafélögin en hjá þeim snýst allt um gróða en ekki að vera góð við kúnnana.“

Leikskólastarfsmaðurinn og forsetinn

Í deilunni um lífeyrisgreiðslurnar við hreppinn leynist hliðarsaga sem endurspeglar hvers konar manngerð Sigríður Dóra er. Það er hvar hún var stödd þegar hún heyrði af því fyrst að sveitarfélagið ætlaði ekki að greiða kröfu Stapa. „Ég var stödd suður í Reykjavík með vini mínum, breskum ljósmyndara. Hann var að vinna grein um transfólk. Ég hélt á þrífætinum fyrir hann og kom honum í samband við fólk sem hann fékk að mynda. Hann fékk að hitta Vigdís (Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta) því hún er verndari samtakanna. Hún sagðist geta gert þetta fyrir mig. Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, gaf okkur líka 20 mínútur

þennan dag þótt það væri brjáláð að gera í þinginu.“

Og hér er edlilegt að spyrja: Hvernig fær leikskólastarfsmaður á Vopnafirði fyrrverandi forseta Íslands til að gera sér greiða. Til að fá svarið við því þurfum við að fara aftur til ársins 1993 og rekumst á örlagaríkt reiðikast. „Það er sagt að maður eigi ekki að verða reiður en þarna snöggreiddist ég við Þjóðleikhúsið,“ útskýrir Sigríður Dóra.

„Ég keypti leiksýningu“

Hún fékk áhuga á leikhúsi í Oddeyrarskóla á Akureyri þar sem hún fékk hlutverk í leikritum sem Indriði Úlfsson, skólastjóri, skrifaði. Á sumrin var hún í sveit inni í Eyjafirði og þar sá hún upp færslu Freyvangsleikhússins á Frænku Charlie's. Meðan hún bjó í borginni stundaði hún leikhúsin.

Þetta ár fór Þjóðleikhúsið með sýningar um landið, en sneiddi framhjá Norðaustur-

„Ég fékk stundum klickaðar hugmyndir sem ég vildi að rættust.“

horninu. „Mér fannst skrýtið að skilja eftir þá sem lengst þurftu að fara venjulega til að komast í leikhúsið. Ég hugsaði með mér að ég myndi ekki hringja í leikhússtjórnann og hella mér yfir hann heldur gera einhvern skrattann. Og ég keypti leikhússýningu.“

Sigríður Dóra gekkst fyrir því að safna fé til að setja upp sýninguna Fiskar á þurru landi sem Pó-leikhópurinn hafði sett upp undir stjórn Andrésar Sigurvinssonar. „Ég hringdi bara og spurði hvað það myndi kosta að fá sýninguna á Vopnaförð.“ Hún segir að styrkur úr menningarsjóði félagsheimila hafi skipt miklu auk þess sem sveitarfélagið hafi verið tilbúið að hlaupa undir bagga ef tap hefði orðið af öllu saman.

Það gekk ekki þrautalaust að koma leikhópnum austur. Spáð var miklu hvassviðri á sýningardaginn og tvísýnt með flug. „Einar Sveinbjörnsson sagði mér að koma leikurunum norður ef ég gæti því það yrði ekkert af sýningu þótt það myndi lægja seinni partinn. Ég sendi honum síðar blóm til að þakka honum fyrir,“ segir Sigríður Dóra.

Af harðfylgi tókst henni að telja leikhópin inn á að fljúga daginn áður norður til Akureyrar. „Ég var nýkominn úr baði að reyna að þurrka mér og tala í símann þar sem ég sagði Andrési að nú skyldi hann treysta mér og koma sér út á flugvöll því honum veitti ekki af að koma sér af stað. Bíllinn var þegar lagður af stað að sækja leikarana,“ rifjar hún upp.

Já, það var aftur þetta með leikskólastarfsmanninn og forsetann

En þá var eftir að koma heiðursgestinum á staðinn. „Ég hringdi bara á skrifstofu forseta og bar upp erindi mitt,“ svarar Sigríður Dóra um það hvernig það atvikaðist að Vigdís forseti mætti á sýninguna.

„Þegar ég var búin að finna ferð fyrir leikarana byrjaði vesnið með hana. En hún sagði mér að vera róleg, hún kæmi ef hún næði sýningunni og kvaðst vonast til að það

Flutti Reykjavík til Vopnafjarðar

Sigríður Dóra Sverrisdóttir, eða bara Sigga Dóra eins og hún er jafnan kölluð, tók það upp hjá sjálfri sér að flytja menninguna til Vopnafjarðar þar sem Vopnafjörður gat ekki flutt sig til Reykjavíkur í hvert sinn sem íbúarnir þurftu andlega upplýftingu. Það byrjaði þannig að á síðasta ári hafði Sigga frumkvæði af því að kaupa heila leiksyningu og setja upp á Vopnafirði en síðan hefur bænnum vaxið ásmegin jafnt og þétt og menningarmálanefndin sem hún veitir forstöðu hélt vörhátíð nú í ár þar sem söngvarar frá Vopnafirði og úr Reykjavík leiddu saman hesta sína og **Svanur Kristbergsson** flutti ljóð sín.

Sigríður var einnig fram-

kvæmdastjóri Vopnafirðingadaga nú í sumar, en þeir voru tíu talsins og var fylgt úr hlaði með syningu á verkum **Errós** en það var áður en syningin var í Reykjavík og **Stefán** frá Möðrudal, sá kunnari nafvisti sem er nýlega fallinn frá sýndi verk sín og dvaldi á heimaslóðum í góðu yfirlæti en um ferðina og Stefán var gerð sjónvarpsmynd sem verður sýnd í sjónvarpinu nú í marsmánuði. Auk þessa var farið á söguþjóðir og áhugasamir fóru í heljarlangan göngutúr sem tók ellefu klukkustundir. Auk þess var fenginn leikari úr Þjóðleikhúsinu til að setja upp götuleikhús með börnum. Að lokum var stiginn dans á landnámsjörðinni. Sigga skipulagði einnig bókmenntakynningu nú fyr-

ir jóln er þar mættu 140 manns til að hlusta á 7 höfundu lesa úr verkum sínum.

Draumurinn er saganökkvi

MORGUNPÓSTURINN hringdi í Sigu Dóru þar sem hún var að störfum í leikskólanum og spurði hvað henni fyndist hafa verið merkilegast á árinu í menningarmálum.

„Ég sé auðvitað ekki nema brot af því sem stendur til boða í Reykjavík af eðlilegum ástæðum,“ sagði Sigga Dóra. „En ég sá uppfærsluna á Snædrottningunni og fannst hún mjög góð. Það var einnig mjög merkilegur atburður að **Kristján Jóhannsson** skyldi koma hingað

og syngja fyrir Íslendinga og kannski merkilegast að hann skyldi ekki snúa við og skella dyrunum á eftir sér þegar honum var sýndur þessi dónaskapur. Það hefði ég gert.“

En hvað finnst þér brýnast að gera á nýju ári?

„Ég vil sjá að það verði jafn vel hugað að útbreiðslu íslenskrar menningar á landsbyggðinni og að útflutningi hennar til annarra landa. Það þarf aukid fjármagn til að efla menninguna og breiða hana út um landið og minn draumur er heljarmikill saganökkvi sem yrði rúta með rithöfundum og tónlistarmönnum, myndlistarmönnum auk listfræðinga til að fræða okkur um það sem er að gerast í myndlist.



Þessi rúta myndi síðan fara um landið og eyða einum degi í hverju einasta þorpi. Ahöfnin á Saganökkvanum gæti verið breytileg og sjálfsgat að gefa sem flestum tækifæri. Það má jafnvel hugsa sér að efna til samkeppni að einhverju tagi í bæjunum sjálfum, um þá leikbátt, sem síðan yrði fluttur af atvinnufólki,“ sagði þessi atorkusami menningarfrömuður þeirra Vopnafirðinga. **-PKÁ**

Uppátæki Sigríðar Dóru vakti mikla athygli. Hún var valinn menningarfrömuður ársins af Helgarpóstinum árið 1994.

Mynd: Tímari.is

yrði flogið klukkan þrjú. Hún hringir síðan klukkan hálf fimm, segist vera á leiðinni út á völl og muni lenda eftir einn og hálfan tíma. Hún fór með Flugfélagi Norðurlands. Fyrir syningu var matur og flugfélagið bað mig um að finna einhverja til að sitja til borðs með flugmönnum. Ég fékk tvær vinkonur mínar úr saumaklúbbnum til þess. Reikningurinn fyrir fluginu var sá eini sem ég var stressuð fyrir, en hann kom

„Það er sagt að maður eigi ekki að verða reiður en þarna snöggreiddist ég við Þjóðleikhúsið,“

aldrei, bara skilaboð um að flugmennirnir hefðu skemmt sér vel.“

Allt gekk eftir og húsfyllir var á syningunni enda hafði uppátæki Sigríðar Dóru hlotið mikla athygli. „Vigdís var á frumsýningu í leikhúsi kvöldið áður og hún sagði mér að hún hefði aldrei áður verið á frumsýningu þar sem aðalumræðan snérist ekki um syninguna sem verið var að sýna heldur aðra sem átti að vera á Vopnafirði daginn eftir.“

Sigríður Dóra kveðst enn halda tengslum við Vigdís og hefur sent henni harðfisk frá Bakkafirði og hákarl frá Vopnafirði. „Hún hefur aldrei neitað mér um neitt þegar ég hef þurft á henni að halda svo mér fannst ég alveg eins geta sent henni gæðavörur héðan. Hún er afskaplega glöð með þær.“

Hún heimsótti Vigdís einu sinni í Reykjavík og segir leigubílstjórann hafa verið efins um að hún væri á réttri leið. „Hann spurði hvort ég vissi hver ætti þarna heima. Hann ætlaði ekki að fara að hleypa einhverri kerlingu í lopapeysu heim til Vigdísar. Mér fannst sætt að bílstjórnir tóku að sér að passa að það kæmi enginn ruglaður án erindis. Það sýnir hve mikla virðingu þjóðin ber fyrir henni.“

Hrifin af verkum Errós

Þar með var Sigríður Dóra komin á kaf í menningarlífið á Vopnafirði og fleira fylgdi í kjölfarið. Árið eftir stýrði hún hátíðinni Vopnaskaki þar sem tvær myndlistarsýningar voru á dagskránni, önnur með verkum eftir Erró, hin með verkum Stefáns Jónssonar, Stórvals. „Ég hef haft áhuga á Erró síðan ég var barn, það er eitthvað við teikningarnar hans,

þær eru allt öðruvísi.“

Sigríður Dóra segir Garðar Svavarsson, umboðsmann Erró á Íslandi á þessum tíma, hafa gert syninguna mögulega en hann dvaldi við veiðar í Vopnafirði.

„Ég vann á pósthúsinu tvö sumur. Þar varaði sumt starfsfólkið mig við að láta þennan mann ekki komast upp með neina frekju en þá varð ég forvitin um hver væri svona frekur. Málið snérist um að hann vildi fá að koma og sækja Morgunblaðið á pósthúsið á morgnana. Þá þurfti að opna póstin með pokanum og vigta upp úr honum áður en sett var í pósthólfin. Við vissum alveg hvað blaðið var þungt þannig

„Þá varð ég forvitin um hver væri svona frekur.“

ég fór að taka blöðin fyrst úr pokanum. Mér fannst þetta sjálfsgöð þjónusta. Í gegnum þetta kynntumst við. Ég hef kynnst flestu fólki á því að vera opin og dæma það ekki fyrirfram.“

Þótt Garðar liðkaði fyrir syningunni þurfti Sigríður Dóra samt að safna fyrir stórum hluta kostnaðarinnar, hún seldi

jólaort auk þess sem faðir hennar og bróðir tóku víxla. „Þeir borguðu þá upp með einum góðum túr.“

Síðasta sýning Stórvals

Sýning Errós var ákveðin með löngum fyrirvara en sýning Stórvals ekki. Það var heldur ekki Sigríður Dóra sem bar mesta hitann af henni þótt hún héldi utan um hana ásamt öðrum viðburðum Vopnaskaks. „Ég var á kafi í Erró sýningunni. Gunnlaugur Gunnarsson, Sveinn Antoníusson (Denni) og Steindór Sværrisun hengdu sýningu Stórvals upp og sáu til þess að allt yrði til sóma fyrir opnunina.“

Sýningin varð eftirminnileg því Egill Eðvarðsson fylgdi Stórval eftir í ferðinni til Vopnafjarðar og gerði um hann heimildarmynd. Nokkrum vikum síðar andaðist Stórval en myndin og minning hans lifir.

„Myndin var nýverið sýnd í fimmta sinn. Ég var að horfa á hana í annað sinn. Ég horfði á hana þegar hún kom fyrst en nú var ég sátta við sjálfa mig og myndina. Mér fannst ekkert uppdiktað, ég var einlæg þegar ég tók á móti gamla mannum.“

Egill hafði alltaf látið sig dreyma um að gera mynd um Stórval og þegar hann frétti af þessum tækifæri var allt sett á fullt með mjög stuttum fyrirvara. Þetta gekk hrikalega vel, þeir fengu dásamlegt myndefni eins og þegar Stórval hittir fólkið á Bustarfelli.“

„Þegar allir eru komnir hingað og ég hugsa með mér að vesenið sé búíð segir Jónas, 'Ég gleymdi að nefna það en ég ætla ekki að lesa.'“

Reddingar á elleftu stundu

Fleiri viðburðir fylgdu í kjölfarið. Sigríður Dóra skipulagði bóka- kvöld þar sem Vopnfirðingurinn Jónas Árnason ásamt nokkrum af helstu rithöfundum þjóðarinnar komu til að lesa upp úr jólabókum sínum. Eða svo hélt Sigríður Dóra. „Þegar allir eru komnir hingað og ég hugsa með mér að vesenið sé búíð segir Jónas, 'Ég gleymdi að nefna það en ég ætla ekki að lesa.' Ég spurði hvað hann ætlaði þá að gera fyrst hann væri komin hingað og þá svaraði hann, 'Ég ætla að syngja.' Þá þurfi ég að finna undirleikara. Við vorum heppin að hafa tónlistarkennara sem gat spilað undir með honum. Jónas átti svo salinn og kallaði Einar Kárason upp á svið með sér. Einar notaði þetta atvik í smásögu.“

Hagyrðingakvöld voru líka snar þáttur í dagskrá Vopnaskaks og þar safnaði Sigríður Dóra saman landsliði hagyrðinga. Hún hafði hins vegar sjaldnast mikinn tíma til að fylgjast sjálf með viðburðunum. „Ég hef stundum óskað þess að ég væri bara neytandi. Karl Ágúst (Úlfsson) kom eitt sinn hér til að stýra hagyrðingakvöldi.

Klukkutíma áður en það átti að byrja uppgötvast að buxurnar sem hann átti að vera í tolla ekki upp um hann. Hann hafði verið í göngu á Hornströndum og lagt svona af. Ég endaði í fataskápnum hjá þabba og fann þar gömul axlabönd. Þar fór klukkutíminn sem ég ætlaði að nota til að slaka á.“

EKKI RÆTTUST ALLAR HUGMYNDIR SIGRÍÐAR DÓRU AÐ VIÐBURÐUM. Á framkvæmdatíma Kárahnjúkavirkjunar lagði hún drög að stórsýningu þar sem austfirsk hönnun yrði í öndvegi niðri í Hafrahvammagljúfri ofan stíflunnar. Hún var komin með leyfi og vilyrði um aðstoð framkvæmdaaðila en hugmyndin datt upp fyrir þegar fyrirtæki, sem ætluðu að styrkja viðburðinn, skiptu um eigendur.

„Ég fékk stundum klikkaðar hugmyndir sem ég vildi að rættust. Ég hef enga þekkingu á hönnun og hafði þannig séð engan hag af þessu. Þetta hefði líka örugglega orðið galin vinna en brjálæðislega skemmtileg,“ segir hún.

Í gassprengingu með stórleikurum

Það var helst að Sigríður Dóra næði að setjast niður með listamönnunum í mat eða kaffi þar sem hún náði að spjalla við þá og mynda tengslin. Hún telur marga af fremstu listamönnum þjóðarinnar meðal kunningja sinna. Sama dag og hitafundurinn um lífeyrismálið var haldinn fékk hún SMS með baráttukveðjum og gjafakort í leikhús frá einum af þekktustu leikurum þjóðarinnar. Hún nefnir fleiri og rifjar upp sögu af því þegar hún lenti í gassprengingu ásamt Hilmi Snæ Guðnasyni, Ingvari E. Sigurðssyni og Ilmi Kristjánsdóttur.

„Við hefðum getað stórslasast. Ég var með íbúð í Reykjavík og hafði boðið þeim í mat, humar, hreindýr og marenstertu. Í íbúðinni var helluborð með tveimur rafmagnshellum og tveimur gashellum og svo bakaraofn undir. Ég notaði bara rafmagnshellurnar, ég hef alltaf verið hrædd við gasið. Leiðslurnar úr gaskútum lágu undir hellunum og talið er að neisti frá þeim hafi orðið kveikjan. Það byrjuðu að loga eldtungur. Við hringdum strax á slökkviliðið en í stað þess að koma okkur út reyndum við að slökkva sjálf en gaskúturinn var inn í skáp og hann fundum við ekki. Ilmur var

„Maturinn var óskemmdur og við buðum þeim að borða en þeir voru ekki nema rétt byrjaðir þegar annað útkall kom.“

inni á baði að bleyta handklæðið þaðan sem hún sér sprenginguna og mig og Hilmi eins og dökkar verur inni í henni. Ég man bara eftir lofthljóðinu þegar kúturinn tæmdist. Hilmir sviðnaði aðeins á hárinu og ég fékk brunabletti á lærið. Bruninn var svo hreinn, það var ekkert sót en flyksur af fötunum mínum upp um allan eldhússkáp. Ég á fötin mín enn í poka.

Mig hefur alltaf langað til að komast í dagbók slökkviliðsins þennan dag. Maturinn var óskemmdur og við buðum þeim að borða en þeir voru ekki nema rétt byrjaðir þegar annað útkall kom.“

Sendi fólk ekki út á guð og gaddinn

Listafólkinu hefur hún mörgu kynnst við komu þess á viðburði á Vopnafirði þar sem hús hennar hefur iðulega staðið því opið. „Hér hefur töluverður fjöldi íslenskra listamanna komið í kaffi eftir viðburði. Ég sendi fólk ekki út á guð og gaddinn þótt ég þurfi að fara 1-2 tímum síðar að sofa.“

Hún gætir þess líka að gestirnir komist heilir á leiðarenda. „Ég fylgdi alltaf gestunum eftir þar til þeir voru komnir heim að vetri til.“

Hún kveðst aðeins einu sinni hafa reiðst við gesti sína, unga leikara sem gistu í garðinum hennar en höfðu ekki fyrir að fara úr útiskónum þegar þeir fóru inni í húsið og báru með sér skít og drullu. „Mér sárnaði að koma heim eftir alla vinnuna sem ég hafði lagt á mig, ég treysti þeim fyrir húsinu mínu, var búin að gera upp við þau og skildi eftir mat handa þeim og svo skildu þau húsið mitt svona eftir,“ rifjar hún upp. Þetta er fyrirgefið í dag og góður kunningskapur milli hennar og leikaranna.

Sigríður Dóra hefur einnig kynnst listafólkinu í gegnum reglulegar ferðir hennar suður til Reykjavíkur í leikhús og á listasýningar. „Ég gæti ekki búið hér á Vopnafirði ef ég kæmist ekki reglulega suður og kynntist fleira fólki til að ræða menninguna. Án menningarinnar erum við eins og fiskar á þurru landi.“

Leikhúsferðir til Lundúna

Sigríður Dóra fer líka reglulega til Lundúna í leikhúsferðir. „Ef ég er þar í viku fer ég á 4-5 sýningar. Helmingurinn af því sem er þar í boði er samt ekkert betra en hér heima. Mér dugir ekki að fá stórt svið og söngleik, ég vil líka að leikarnir leiki og það sé saga,“ segir hún.

Það segir sitt um hana að hún heldur sig yfirleitt við sama hótelið í þeim ferðum. „Ég hef flutt mig einu sinni því hóteltjórinn minn flutti sig.“

Í þeim ferðum nær hún líka að rækta tengslin við breska laxveiðimenn og þeir hafa stundum farið með henni í ensku leikhúsin, einkum á íslenskar sýningar. Sigríður Dóra eldaði fyrir slíka gesti í áraraðir en einbeitti sér að minni hópum. „Ég er ekki kokkur, bara húsmóðir. Ég set ekki matinn minn upp í turna. Hann fer bara fram á fötum og þá má borða hann.“

Hún segir laxveiðihópa sem hún hefur eldað fyrir hafa verið „prúða og góða“ en minnst þó á gamanmyndina Síðustu veiðiferðina. „Hún er dásamleg. Sá sem hefur kynnst þessum heimi kaupir öll

„Mér dugir ekki að fá stórt svið og söngleik, ég vil líka að leikarnir leiki og það sé saga.“



„Ég gæti ekki búið hér á Vopnafirði ef ég kæmist ekki reglulega suður og kynntist fleira fólki til að ræða menninguna.“

atriðin í henni þótt þau hafi ekki gerst í þínu húsi. Það komu ekkert allir til að veiða og njóta. Bretarnir koma hins vegar ekki til Íslands til að fara á fylleri, til þess hafa þeir sína pöbba í heimalandinu.“

Þegar Sigríður horfir til baka yfir árin þar sem hún var á kafi í menningarstússinu og að elda fyrir veiðimenn segist hún illa skilja hvernig hún hafi komist yfir allt saman. „Ég var að frá átta á morgnana til klukkan fjögur á nóttunni.“ Það hafi hins vegar skipt hana miklu að eiga góða fjölskyldu að. „Ég hefði aldrei komist í gegnum þetta án aðstoðar foreldra minna, sem hlupu undir bagga með mér. Framan af voru Denni og Helgi Ásgeirsson (Moli) miklar hjálparhellur. Svo á ég á mann sem er engum líkur. Stundum hefur hann látið mig vaða yfir sig. En hann var á sínum tíma í fótbolta og ég studdi það. Hann hefur fengið sitt rými og ég mitt.“

Púlsinn tekinn

á tveimur trúnaðarmönnum á félagssvæðinu



Hannes Halldórsson

27 ára, starfsmaður í fiskimjölsverksmiðju Skinneyjar-Þinganes.
- Búsettur á Höfn

Af hverju skiptir það þig máli að vera í AFLi?

Ég hef alla tíð fengið frábæra þjónustu og framúrskarandi viðmót hjá AFLi og öllu starfsfólki þess, sama hvaða skrifstofu það starfar á. Það er virkilega gott að félagið sé til staðar því það hefur hjálpað mörgum.

Ég hef til að mynda nýtt mér sjúkrasjóðinn því ég hef verið mikið hjá sjúkraþjálfurum, bæði hef ég lent í íþróttameiðslum en svo gaf vinstri öxlin sig eitt sinn þegar ég var að ýta bíl.

Ég barðist líka fyrir því að haldið yrði sérhæft námskeið hér í bræðslunni. Þar hjálpaði AFL mér við að þrýsta á mína yfirmenn um að það yrði haldið, sem varð að veruleika nýverið.

Ég hef verið trúnaðarmaður hér í um það bil ár. Sem slíkur hef ég setið fundi um kjarasamninga og fengið fræðslu um réttindi og skyldur. Við það hef ég kynnst starfsfólki AFLs enn betur og það hefur hjálpað mér við að setja mig inn í málin.



Sigurbjörg Ingvarsdóttir

25 ára, aðstoðarmaður við aðhlynningu á hjúkrunarheimilinu Dyngju.
- Búsett á Egilsstöðum

Af hverju skiptir það þig máli að vera í AFLi?

Það skiptir mig máli því AFL passar upp á rétt okkar í starfi og réttir fram hjálparhönd ef eitthvað bjátar á. Ég tek þátt í starfi félagsins því ég vil gera það sem ég get til að aðstoða aðra.

Hvernig sérðu fyrir þér að starfið þitt verði eftir tíu ár?

Ég sé fyrir mér að starfið mitt á Dyngju verði líkt og það er í dag. Mér þykir líklegt að það verði þó til fleiri skemmtileg og áhugaverð hjálpartæki á hjúkrunarheimilinu. Starf mitt sem trúnaðarmaður verður eflaust mjög gott þá, því þá verð ég komin í góða æfingu!

Púlsinn tekinn

á nýjum meðlimum í aðalstjórn AFLs



Birkir Snær Guðjónsson

34 ára, hafnarvörður hjá Fjarðabyggðarhöfnum.

- Búsettur á Fáskrúðsfirði.

Af hverju skiptir það þig máli að vera í AFLi?

Stéttarfélög skipta gríðarlega miklu máli, sérstaklega þegar kreppir að eins og núna. Það sem við tökum sem gefnu barðist fólk fyrir, eiginlega með kjafti og klóm. Það er mikilvægt að við munum það og höldum áfram að berjast. Það hefur svo sannarlega sýnt sig að baráttunni fyrir réttlátu samfélagi er hvergi nærri lokið.

Hvaða áherslumál eru það sem þú vilt beita þér fyrir?

Ég vil reyna að koma sjónarmiðum ungs fólks á vinnumarkaði á framfæri. Það hefur sýnt sig að ungt fólk þekkir verr réttindi sín og af því leiðir að það er meira brotið á þeim.



Sindri Már Smáráson

27 ára, nemi.

- Búsettur tímabundið í Reykjavík en uppallinn á Fáskrúðsfirði.

Hvernig komst þú inn í starf AFLs?

Ég sótti um sem trúnaðarmaður í hálfkæringi fyrir nokkrum árum. Ég var duglegur að sækja námskeið sem voru í boði og forystufólk félagsins hvatti mig til áhrifa innan hreyfingarinnar. Áður en langt var um liðið var ég orðinn stjórnarmaður í ASÍ Ung, fulltrúi þess í húsnæðisnefnd ASÍ, búinn að sitja fjölmörg trúnaðarmannanámskeið, sitja aðalfund ASÍ, Starfsgreinasambandsins og lífeyrissjóðsins Stapa. Það sem stendur upp úr er námskeiðið Ungir leiðtogar á vegum ASÍ sem endaði með námskeiði í Brussel í Belgíu.

Hvaða væntingar hefurðu til þinnar stjórnarsetu?

Ég vil vera rödd unga fólksins innan félagsins. Ég sé tækifæri þar, enda virðist stundum sem ungir félagar geri sér ekki endilega grein fyrir réttindum sínum eða hvað AFL stendur fyrir. Ég vil virkja ungt fólk til áhrifa og starfa innan félagsins því ég trúi að þar eigum við vannýtta auðlind.



STARFSGREINAFÉLAG